Aukinn skilningur á hvarfgangi niðurbrots fitusýra og myndun æskilegra ferskleikaefna og óæskilegra niðurbrotsefna, sem valda þráalykt, gefur möguleika á að notfæra sér þá þekkingu. Annars vegar til að hvetja myndun efna sem hugsanlega hafa aðdráttarafl sem beita fyrir fiska og hins vegar að reyna að koma í veg fyrir óæskilegar breytingar. Bent hefur verið á að hugsanlegt sé að hafa áhrif á lípoxýgenasa með þráavarnarefnum eða hitun til að koma í veg fyrir að fiskur skemmist eins hratt og raun er (Josephson o.fl. 1987). Gildi þekkingar á náttúrulegum þráahindrum felst einkum í auknum möguleikum til þess að hindra þránun og lengja geymsluþol, en ef þráahindravirkni finnst í íslenskum þörungum ýtir það einnig undir uppbyggingu þeirra sem heilsuvara.

## 4.5 HEIMILDIR

AOAC. Official methods of analysis, 15th ed.; Association of Official Analytical Chemists: Arlington, Virginia, 1990.

Cadwallader K.R. 2000. Enzymes and flavor biogenesis in fish. Í: N.F. Haard, N.F., Simpson B.K. (ritstj.). Seafood Enzymes. Marcell Dekker Inc, New York, 366-383.

- Fujimura, T., Kawai, T. 2000. Enzymes and Seaweed Flavor. Í: Haard N.F., B.K. Simpson (ritstj.) Seafood Enzymes. Marcell Dekker Inc, New York, 385-409.
- Gardner, H.W., 2001. Analysis of Lipoyxygenase Activity and Products. Í: Wrolstad o.fl. (ritstj.) Current Protocols in Food Analytical Chemistry C4.2.1-C4.2.16. John Wiley & Sons, Inc.
- German, J.B., Kinsella, J.E. 1985. Lipid oxidation in fish tissue. Enzymatic initiation via lipoyxygenase. J. Agric. Food Chem. 33: 680-683.
- German J.B. Kinsella, J.E. 1986. Hydroperoxide metabolism in trout gill tissue: Effect og glutathione on lipoyxygenase product generated from arachidonic and docosaeonic acid. Biochim. Biophys. Acta 879: 378-387
- German, J.B., Buckner G.B., Kinsella, J.E. 1986. Lipoyxygenase in trout gill tissue acting on arachidonic, eicosapentaenoic and docosahexaenoic acidshttp://www.gallerinordlys.dk
- Grosch W. 1993. Detection of Potent Odorants in Foods by Aroma Extract Dilution Analysis. Trends Food Sci. Technol. 4: 68-73.
- Guðrún Ólafsdóttir, Steinke, J.A., Lindsay, R.C. 1985. Quantitative Performance of a Simple Tenax-GC Adsorption Method for Use in the Analysis of Aroma Volatiles. J. Food Sci. 50: 1431-1436.
- Guðrún Ólafsdóttir, Emilia Martinsdóttir, Einar Helgi Jónsson, 1997. Gas sensor and GC measurements of volatile compounds in capelin (*Mallotus villosus*). Í: J.B. Luten, T. Børresen, J. Oehlenschläger (ritstj.) Seafood from Producer to Consumer, Integrated Approach to Quality. Amsterdam, Elsevier, 507-520.
- Guðrún Ólafsdóttir, Fleurence, J. 1997. Evaluation of fish freshness using volatile compounds- Classification of volatile compounds in fish. Í: Guðrún Ólafsdóttir o.fl. (ritstj.) Methods to Determine the Freshness of Fish in Research and Industry. International Institute of Refrigeration: Proceedings of the Final meeting of the Concerted Action "Evaluation of Fish Freshness" AIR3 CT94 2283. Nantes Nov 1997, 55-69.
- Gunnar Ólafsson, Margrét Bragadóttir 1995. Screening for antioxidant activity in Icelandic seaweed - preliminary results. Í: G.G. Haraldsson, Sigmundur Guðbjarnarson & G. Lambertsen (ritstj.) 18th Nordic Lipid Symposium; Lipidforum; Bergen 1995, p 107.
- Hattula, T., Granroth, B, 1974. Formation of dimethyl sulphide from S-methylmethionine in onion seedlings (*Allium cepa*). J. Sci. Food Agric. 25: 1517-1521.
- Hirano, T., Zhang, H., Morishita, A., Suzuki T., Shirai, T. 1992. Identification of volatile compounds in ayu fish and its feeds. Nippon Suisan Gakkaishi 58: 547-557.
- Hsieh, R.J, German J.B., Kinsella, J.E. 1988. Lipoyxygenase in fish tissue: some properties of the 12-lipoyxygenase from trout gill. J.Agric. Food Chem. 36: 680-685.
- Hsieh, R.J., Kinsella, J.E. 1989. Lipoyxygenase generation of specific volatile flavor carbonyl compounds in fish tissue. J. Agric. Food Chem. 37: 279-286.
- ISO. 6496 - Animal feeding stuffs - Determination of moisture content, 1st ed.; International Organization for Standardization: Genf, Switzerland, 1983.
- Josephson, D.B., Lindsay R.C., Stuiber, D.C. 1983. Identification of compounds characterizing the aroma of fresh Whitefish (*Coregonus Clupeaformis*). J. Agric. Food Chem. 31: 326-330.
- Josephson, D.B., Lindsay R.C., Stuiber, D.C. 1984a. Variations in the occurrences of enzymically derived volatile aroma compounds in salt- and freshwater fish. J. Agric. Food Chem. 32: 1344-1347.
- Josephson, D.B., Lindsay R.C., Stuiber, D.C. 1984b. Biogenesis of lipid derived volatile aroma compounds in the Emerald Shiner (*Notropis atherinoides*). J. Agric. Food Chem. 32: 1347-1352.
- Josephson, D.B., R.C. Lindsay og Stuiber, D.C. 1985. Volatile compounds characterizing the aroma of fresh Atlantic and Pacific Oysters. J. Food Sci. 50: 5-9.
- Josephson, D. B., Lindsay R.C. 1986. Enzymic Generation of Volatile Aroma Compounds from Fresh Fish. Í: Thomas H. Parliment og Rodney Croteau (ritstj.) Biogeneration of aromas. ACS Symposium Series, 317; American Chemical Society, bls 201-219.
- Josephson, D.B., Lindsay R.C., Stuiber, D.C. 1987. Enzymic hydroperoxide initiated effects in fresh fish. J. Food Sci. 52: 596-600.
- Josephson, D.B., 1991. Seafood. Í: Maarse, H. (ritstj.) Volatile compounds in foods and beverages. Marcel Dekker Inc, New York, 179-202.
- Karahadian, C., Lindsay, R.C. 1989. Evaluation of compounds contributing fishy flavors in fish oils. JAOCS 66: 953.
- Kuo, J.M., Pan,B.S., Zhang, H. German, J.B. 1994. Identification of 12 Lipoyxygenase in the Hemolymph of Tiger Shrimp (*Penaeus Japonicus* Bate). J. Agric. Food Chem. 42: 1620-1623.
- Kuo, J.M., Hwang, A. HsiuHuaHsu og Pan, B.S. 1996. Preliminary Identification of Lipoyxygenase in Algae (*Enteromorpha intesinalis*) for Aroma formation. Food Chem. 44: 2073-2077.
- Kuo, J.M., Hwang, A og Yeh, D.B. 1997. Purification , Substrate Specificity and Products of Ca<sup>+2</sup> Stimulating Lipoyxygenase from Sea Algae. J. Agric. Food Chem. 45: 2055-2060.
- Margrét Bragadóttir. 2003. Áhrif þörunga og lækningajurta á geymsluþol loðnulýsis. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Verkefnaskýrsla 29-03.
- Mohri, S, Cho,S.Y., Endo, Y., Fuijimoto, K. 1990. Lipoyxygenase activity in sardine skin. Agric. Biol. Chem. 54: 1889-1891.
- Pan, BS, Kuo JM. 2000. Lipoyxygenases. Í: Haard, N.F., Simpson, B.K. (ritstj.) Seafood Enzymes Utilization on Postharvest Seafood Quality. Marcel Dekker, Inc, New York, 317-336.
- Sigurður Jónsson, Karl Gunnarsson – 1978. Botnþörungar í sjó við Ísland. Greiningarlykill. Hafrannsóknir 15: 1-95.
- Sikorski Z.E. , Kolakowski, E. 2000. Endogenous Enzyme Activity and Seafood Quality: Influence of Chilling, Freezing and Other Environmental Factors. Í: Haard, N.F., Simpson, B.K. (ritstj.) Seafood Enzymes Utilization on Postharvest Seafood Quality. Marcel Dekker, Inc, New York, 451-487.

- Yamaguchi, M., Toyomizu, M. 1984. Acceleration of lipid oxidation in the extract from the skin of fish. *Nippon Suisan Gakkaishi* 50: 2049-2954.
- Zhang, H., Hirano, T. Suzuki T., Shirai, T.1992. Enzymatically generated specific volatile compounds in ayu tissues. *Nippon Suisan Gakkaishi* 58: 559-565.
-

## VIÐAUKI A4.1

Tafla A4.1. Fitusýrusamsetning loðnulýsis (n=8)<sup>1</sup>.

	Meðaltal	staðalfrávik
C14:0	6.6	0.55
C16:0	10.7	0.82
C16:1n-7	8.2	0.86
C18:0	1.0	0.10
C18:1 *	13.9	1.24
C18:2n-6	1.0	0.08
C18:3n-3	0.6	0.12
C18:4n-3	2.0	1.46
C20:0	0.2	0.07
C20:1	17.1	1.96
C20:2n-6	0.1	0.04
C20:4n-6	0.2	0.03
C20:3n-3	0.0	0.02
C20:4n-3	0.3	0.09
C20:5n-3	7.4	1.55
C22:1	20.1	1.86
C21:5n-3	0.3	0.07
C22:5n-3	0.5	0.07
C22:6n-3	3.5	1.09
Óþekktar	3.8	0.74
* : samanlagt hlutfall 18:1n-9 og 18:1-7		
SFA	18.7	0.40
MUFA	59.7	5.21
PUFA	17.8	4.75

<sup>1</sup> Mælingar á loðnulýsi framkvæmdar á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fyrir Félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

**VIÐAUKI A4.2**

Description of goods:	Deodorized fish oil (H422)		
Quantity:	Drums; 20 x 190 kg ; 3.800 kg		
Production batch no.:	B3057	Producer:	Lýsi h.f.
Packing batch no.:	B3E057	Sampled by:	Producer
Date of production:	05 2003	Seller:	Lýsi h.f., Reykjavík
Expiry date:	05 2006	Destination:	Aarhus
Date of approval:	04-06-2003	Date of shipment:	05-06-2003

Marks..... **AKTERN A/S**  
**ALLERÖD DENMARK**  
**CAPELIN FISH OIL**  
**BATCH NO: B3E057**  
**NET 190 KG, GROSS 207 KG**  
**1 - 20**

	RESULTS:	SPECIFICATIONS:	METHODS:
Free Fatty Acids, %.....	0,17	max 0,25	401
Iodine value .....	122	110 - 140	403
Saponification value.....	182	180 - 190	414
<b>Unsaponifiable matter, %</b>	0,9	max 2,0	416
*****			
Water and mucilage, %.....	<0,15	max 0,15	419
Refractive index at 20°C.....	1,475	1,470 - 1,482	413
Weight, g/ml at 20°C.....	n/a	0,910 - 0,925	415
Cloud point, °C.....	-9,5	max -7	406
Colour, Lovibond (Y=35).....	5,2	max R=4,0	429
Microorganisms.....	conforms	Negative	-

Reykjavík, 10-06-2003

\_\_\_\_\_  
Lýsi h.f. QC laboratory  
Sigrún Víglundsdóttir.

Raunvísindastofnun  
Vor 2002

## **5. kafli**

# **Ensímvirkni próteasa í sjávarfangi**

Bergrós Ingadóttir  
Magnús Már Kristjánsson

---

## 5.1 Inngangur

Markmið verkþáttarins „ensímvírkni próteasa í sjávarfangi“ var að ákvarða almenna próteasavirkni í völdu beituhraefni gagnvart próteinasahvarfefnunum azokaseini og azoalbumini, með vel þekktum aðferðum (Sarath o.fl. 2001). Einnig að greina próteasavirkni í hraefninu gagnvart minni hvarfefnum sem eru sértæk fyrir einstök ensím (t.d. trypsin, chymotrypsin, karboxypeptíðasa og aminópeptíðasa) en erfiðleikar í tengslum við tærleika lausna og kalsíumútfellingar hjá sýnum dregin út við pH 6,0 var ákveðið að falla frá þeirri hugmynd.

## 5.2 Aðferðaþróun

### Útdráttur

Til að kynna vinnubrögðum og aðferðum sem notuð/áðar eru við útdrátt sýna var stuðst við verklegt hefti fyrir Lífefnafræði 3 (Bjarni Ásgeirsson 2001). Til að byrja með var framkvæmdur útdráttur á skúflöngum samkvæmt verklýsingu fyrir æfingu 1. Notast var við Waring Commercial Blender til að tæta sýnin sem voru svo spunnin í Sorvall RC5C skilvindu með SS-34 snúð á 10000 rpm í 15 mín. Við útdrátt sýna var notast við 25 mM Tris, 10 mM CaCl<sub>2</sub>, pH 8,0 buffer. Eftir fyrsta spuna var gerð felling með 10% ammóníum sulfati og eftir annan spuna 80% felling. Til að hjálpa til við fellinguna fitu var 50mM CaCl<sub>2</sub> bætt í ásamt 10% ammóníum sulfat saltfellingu. Flot var svo fryst í 1,5 mL eppendorfglösum í fljótandi köfnunar-efni og geymt í frysti við -18 °C.

Smokkfisksýni 1 var meðhöndlað á svipaðan hátt. Notaðir voru tveir bufferar, 25 mM Tris, 10 mM CaCl<sub>2</sub>, pH 8,0 og 0,2 M natríum fosfat, pH 6,0. Hér hentaði Waring blandarinn ekki vel því hnífarnir náðu ekki nægilega vel til sýnisins og því þurfti að bæta buffer út í til að hægt væri að tæta sýnið. Það þykir óæskilegt þar sem það leiðir til froðumyndunar og þ.a.l. afmyndunar próteina. Þar sem sýnið var stærra en áður var ákveðið að nota GSA snúðinn (sýnaglösin eru 250 ml). Sýnin voru spunnin í Sorvall skilvindu á 11000 rpm í a.m.k. 20 mín. Fyrri saltfellingin var nú 15% en seinni sú sama og áður eða 80%. Eftir spuna eftir 80% saltfellingu var botnfallið svo laust í sér að ákveðið var að láta sýnin standa yfir nótt inn í kæliherbergi (3-5 °C) á ís til að leyfa þeim að klumpast (aggregera) betur.

Spuni á 12000 rpm í 30 mín gaf mun betra botnfall í þetta skiptið. Flotið var þó ekki nógu tært og nokkrar flyksur sjáanlegar í flötinu.

Útdráttur á þorskinnyflum var í meginatriðum sá sami og fyrir smokkfisksýni 1. Notaðir voru tveir bufferar við útdrátt, 100 mM Tris, 5 mM CaCl<sub>2</sub>, pH 8,0 og 0,1 M natríum fosfat, pH 6,0. Töfrasprotinn Janke & Kunkel, IKA-Labortechnik, Ultra Turrax T25 var notaður til að tæta sýnin og reyndist hann vel. Eftir 15% saltfellingu voru sýnin látin standa yfir nótt í kæliherbergi (3-5 °C) á ís. Sýnin voru spunnin á 15000 rpm í a.m.k. 20 mín. Að láta 15% fellinguna standa yfir nótt og að auka spunahraðann skilaði ekki þeim árangri sem vonast var eftir því botnfallið var enn laust í sér og þá sérstaklega hjá sýninu sem var dregið út við pH 8,0 en það var leðjukennt í botninum og hluti „botnfallsins“ flaut ofaná. Hér gæti lægri CaCl<sub>2</sub> styrkur í sýni (vegna lægri styrks í buffer og að CaCl<sub>2</sub> var ekki bætt í aukalega) haft þau áhrif að fitan falli ekki í botninn heldur fljóti ofaná. (sjá viðauka A5.1).

Á smokkfisksýni 2 var notuð sama aðferð og fyrir þorskinnyflin. Hér kom fram sama vandamál og áður, þ.e. að botnfallið eftir saltfellingu og spuna var ekki nógu þétt og þá sérstaklega hjá sýninu sem dregið var út við pH 8,0. Tekið var eitt aukasýni sem var dregið út við pH 8,0, spunnið einu sinni við 15000 rpm í 20 mín og flotið síað gegnum filterpappír með sogtrekt. Síunin gaf ekki tærara lokaflot en áður og því var ákveðið að sleppa frekari tilraunum með síun.

Eftir þessar þrjár tilraunir með útdrátt á sýnum var ljóst að hann tæki of langan tíma miðað við árangur þ.e. tærleiki flotsins í lokin var ekki nógu góður. En tærleiki flotsins er nauðsynlegur til að hægt sé að mæla virkni í því með sértækum hvarfefnum. Mælingar með próteinasahvarfefnunum azokaseini og azoalbumini krefjast þess hins vegar ekki að flotið sé alveg tært. Því var ákveðið að fækka skrefum í útdrætti og sleppa saltútfellingum og nota eftirfarandi aðferð við útdrátt sýna.

Náð var í lofttæmt pakkað sýni sem geymt hafði verið við -24 °C á Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og það geymt á ís þar til það var meðhöndlað (nema smokkfisksýni 3, sem var geymt í frysti við -18 °C í 12 daga, en náð var í það á sama tíma og smokkfisksýni 2). Fjögur sýni voru vigtuð beint í 100 ml bikarglös og tætt með Janke & Kunkel töfrasprotanum í 1 mín. og



30 sek. (bikarglas haft á ís á meðan). Eftir tætingu var hluti sýnis viðloðandi töfrasprotann og var pípettuoddur úr plasti notaður til að losa sem mest af sprotanum og bufferinn notaður til að skola restina af með pasteur pípettu. Tveir bufferar voru notaðir við útdrátt, annars vegar 100 mM Tris, 5 mM CaCl<sub>2</sub>, pH 8,0 og hins vegar 0,1 M natrium fosfat, pH 6,0. Þeim var bætt út í sýnin eftir tætingu, í hlutföllunum 4:1 (buffer:sýni), þ.e. tvö sýni voru dregin út við pH 6,0 og tvö við pH 8,0. Álpappír var settur yfir bikarglösinn og sýnin hrærð á segulhræru inni í kæliherbergi (3-5 °C) í 3 klst á ½ hámarkshraða. Eftir þrjár klst. voru sýnin spunnin í Sorvall RC5C skilvindu með SS-34 snúð, á 18000 rpm í 20 mín við 2 °C. Eftir spuna var flotinu hellt af og rúmmál þess mælt en botnfallinu hent. Fyrir hvert sýni voru 1,2 ml af floti settir í ca 10 stk. 1,5 ml eppendorfglös og þau fryst í fljótandi köfnunarefni. Sýnin voru geymd í frysti við -18 °C þar til mælingar fóru fram.

### 5.3 Mælingar á próteasavirkni

#### Aðferð

Til að ákvarða almenna próteasavirkni gagnvart próteinasahvarfefnunum azoalbumini og azokaseini var notast við eftirfarandi aðferð samkvæmt Sarath o.fl. (2001). Sýnaglös voru tekin úr frysti og þeim komið fyrir í 25°C heitu BIOBLOCK-SCIENTIFIC, polystat 8633 hitabaði og leyft að jafna sig í 10 mín. Á meðan voru 250 µL af próteinasahvarfefni (2% w/v azokasein eða azoalbumin) pípettaðir með 1000 µL Finn pípettu í 1,5 mL eppendorftilraunaglös og þeim komið fyrir í 25°C heitu hitabaði ásamt sýnunum. Hvarfinu var komið af stað með því að pípetta 150 µL af sýni út í hvarfefnið og blanda því varlega saman með því að hvolfa glasinu nokkrum sinnum (skeiðklukka sett í gang um leið og sýni var sett í). Hvarfið var látið ganga í fyrirfram ákveðinn tíma (0, 5, 10, 15, 20, 25 og 30 mín og í sumum tilfellum 35 til 50 mín) í hitabaðinu við 25°C þar til hvarfið var stöðvað með 1,2 ml af 10% TCA (Trichloroacetic acid). Blanksýni var útbúið með því að setja 150 µL af viðeigandi buffer (sami buffer og notaður var við útdrátt) í stað sýnis. Fyrir núllpunktsýni voru 1,2 ml af 10% TCA settir út í áður en 150 µL af sýni var bætt í (hvarf gat ekki átt sér stað). Eftir að hvarf hafði verið stöðvað voru sýnaglösunum leyft að standa í u.þ.b. 15 mín. Sýnin voru síðan spunnin í

borðskilvindu v/8000g í a.m.k. 5 mín (smokkfisksýni 3, kolmurni, sandsíli og loðna spunnin í 10 mín). Eftir spuna voru 1,2 ml teknir úr eppendorfglösunum og færðir yfir í lítill tilraunaglös sem innihéldu 1,4 ml af 1,0 M NaOH (til að framkalla lit). Lausninni var hellt í plastkúvettu og gleypnin mæld við 440 nm með Cary 50 Bio Spectrophotometer.

#### Lausnir próteinhvarfefna

Azoalbumin var leyst upp í þremur mismunandi bufferum; 100 mM Tris, 5 mM CaCl<sub>2</sub>, pH 8,0; 0,1 M natrium-fosfat buffer, pH 6,0 og natrium-acetat buffer, pH 4,0. Erfiðlega gekk að leysa azoalbuminið upp í natrium-acetat buffernum við pH 4,0 og var ástæðan líklega sú að þar erum við mjög nálægt jafnhleðslupunkti próteinsins og þar er leysnin minnst. Því var fallið frá hugmyndum um að mæla sýni dregin út við pH 6,0 með azoalbumini leyst upp í buffer pH 4,0. Sýni dregin út við pH 6,0 voru mæld með pH 6,0 lausninni og sýni dregin út við pH 8,0 voru mæld með pH 8,0 lausninni. Azokasein var aðeins leyst upp buffer 100 mM Tris, 5 mM CaCl<sub>2</sub>, pH 8,0 og því voru sýni dregin út við pH 6,0 og 8,0 mæld með sömu lausninni. Azokasein er óleysanlegt við pH 6,0.

### 5.4. Sértek hvarfefni (Synthetic substrates)

Til að skoða próteasavirkni í hráefninu gagnvart sértækum hvarfefnum var byrjað á því að útbúa 25 mM stofnlausnir af sértæku hvarfefnunum N-benzoyl-Arg-p nitroanilide (BAPna) fyrir trypsin, N-succinyl-Ala-Ala-Pro-Phe-p-nitroanilide (SAAPF-pna) fyrir chymotrypsin og N-succinyl-Ala-Ala-Ala-p-nitroanilide (SAAAPna) fyrir elastasa. Hvarfefnislausnir 0,5 og 1,0 mM voru útbúnar með því að þynna 25 mM stofnlausnir með 100 mM Tris, 10 mM CaCl<sub>2</sub>, pH 8,6. Aukning í gleypni var mæld við 410 nm sem fall af tíma og virkni ákvörðuð í ein/ml (Magnús M. Kristjánsson 2001).

Við mælingar með sértækum hvarfefnum kom m.a. í ljós að þegar sýnin sem voru dregin út við pH 6,0 var blandað saman við sértækt hvarfefni varð lausnin svo mött að ekki var hægt að mæla hana (óeðlilega háar upphafsgleypnitölur). Ástæðan var sú að sýnið var dregið út með buffer sem innihélt fosfat og hvarfefnið var þynnt með buffer sem innihélt kalsíum og því féll út kalsíumfosfat þegar þeim var blandað

saman. Einnig kom í ljós við þróun aðferðar á útdrætti að laust botnfal var vandamál, sem varð til þess að erfitt reyndist á fá tærar lausnir. Erfiðleikar í tengslum við tærleika lausna, kalsíumútfellingar hjá sýnum dregin út við pH 6,0 og tímaskortur urðu til þess að ákveðið var að falla frá þeim hugmyndum að framkvæma mælingar með sértækum hvarfefnum á þessu stigi.


## 5.5. Niðurstöður

### Tímamælingar fyrir almenna próteasavirkni


Fyrir hvert sýni (skúflangar, smokkfisksýni 1, þorskinnyfli) voru tekin prufusýni þar sem hvarfi ensíms og hvarfefnis var leyft að ganga í fyrirfram ákveðinn tíma, yfirleitt 15 og 30 mín. Gleypni sýnanna var svo mæld v/440 nm samkvæmt aðferð Sarath et.al. 2001 og ef hún var langt yfir 1 var sýnið þynnt hæfilega mikið (5x eða 10x) og tímamælingar framkvæmdar. Þegar hæfilegri gleypni var náð (undir 1) voru gerðar tímamælingar fyrir bæði próteinasahvarfefnin (azokasein og azoalbumin) þar sem hvarf var stöðvað eftir 0, 5, 10, 15, 20, 25 og 30 mín og gleypni mæld við 440 nm samkvæmt sömu aðferð. Tilgangurinn með tímamælingunum var að kanna hvort mælingar við 15 og 30 mín. féllu á línulegan hluta ferils sem sýnir gleypni sem fall af tíma.

Á myndum 5.1 og 5.2 má sjá dæmi um tímamælingar fyrir þorskinnyfli, annars vegar með azokaseini (mynd 5.1) og hins vegar með azoalbumini (mynd 5.2).

Á myndum 5.1 og 5.2 má sjá að eftir 30 mín er ferillinn enn línulegur og því er hægt að gera frekari mælingar við þennan tíma til að ákvarða fjölda eininga próteasa á hvert gramm sýnis.




Mynd 5.1. Próteasavirkni í þorskinnyflum mæld gagnvart 2% azokaseini. Sýni voru dregin út við pH 6,0 og 8,0. Sýni voru þynnt 5x fyrir mælingar á almennri próteasavirkni.




Mynd 5.2. Próteasavirkni í þorskinnyflum mæld gagnvart 2% azoalbumini. Sýni voru dregin út við pH 6,0 og 8,0. Sýni voru þynnt 5x fyrir mælingar á almennri próteasavirkni samkvæmt kafla 5.2.1.

Eftir mælingar með próteinasahvarfefnunum azokaseini og azoalbumini á skúflöngum, smokkfisksýni 1 og þorskinnyflum var ljóst og að mun auðveldara var að vinna með azoalbumin en azokasein. Azokaseinið myndaði þráðlaga útfellingar sem áttu til að loða við hliðar eppendorfglasanna eða fljóta lausar um í lausninni í stað þess að setjast í botninn. Lausar þráðlaga útfellingar auka líkur á skekkju í mælingum og sérstaklega hjá sýnum með lága virkni því ef þráðlaga útfellingarnar slæðast með eykst gleypni lausnarinnar. Því var tekin sú ákvörðun að vinna aðallega með 2% azoalbumin við ákvörðun á almennri próteasavirkni fyrir smokkfisksýni 2, smokkfisksýni 3, kolumunna, sandsíli og haustloðnu.


Á myndum 5.3 og 5.4 má sjá dæmi um tímamælingar fyrir smokkfisksýni 2 þar sem almennar próteasamælingar voru gerðar gagnvart 2% azoalbumini. Þar sést að gleypnin mælist mun lægri en fyrir þorskinnyflin og erfiðara er að meta hvort ferillinn sé línulegur eftir 30 mín. En miðað við þann styrk af



Mynd 5.3. Almenn próteasavirkni fyrir smokkfisksýni 2 mæld gagnvart 2% azoalbumini. Sýni var dregið út við pH 6,0. Sýni voru óþynnt við mælingar á almennri próteasavirkni.



Mynd 5.4. Almenn próteasavirkni fyrir smokkfisksýni 2 mæld gagnvart 2% azoalbumini. Sýni var dregið út við pH 8,0.




Mynd 5.5. Almenn próteasavirkni í smokkfisksýni 3 gagnvart 2% azoalbumini. Sýni voru dregin út við pH 6,0 og pH 8,0.

hvarfefni sem unnið var með í hlutfalli við ensímstyrk ætti að vera í lagi að gera frekari mælingar við 30 mín með 2% azoalbumini.

### Próteasavirkni í beituhraefni

Fjöldi eininga próteasa í hverju grammi sýnis voru reiknaðar út fyrir þorskinnyfli, smokkfisksýni 2, smokkfisksýni 3, kolmunna, sandsili og haustloðnu. Við útreikninga á próteasavirkni var notast við niðurstöður gleypnimælinga fyrir



Mynd 5.6. Almenn próteasavirkni í kolmunna gagnvart 2% azoalbumini. Sýni voru dregin út við pH 6,0 og pH 8,0.

almenna próteasavirkni gagnvart 2% azoalbumini eftir hvarf í 30 mín. (meðaltal af fjórsýni).

Í útreikningum fyrir þorskinnyfli og smokkfisksýni 2 var tekið tillit til heimta í útdrætti. Fyrir þessi sýni var útdráttur framkvæmdur í nokkrum skrefum með saltútfellingum og þá er viðbúið að próteasar tapist á leiðinni. Til að finna út heimtur útdrattarins var upphafssýni sem var tekið eftir fyrsta spuna (viðauki A5.1) mælt í 30 mín. gagnvart 2% azoalbumini (þrísýni). Fyrir þetta sýni gáfum við okkur að heimtur væru 100%. Mælingar á lokasýni voru gerðar á sama hátt og þær notaðar til að ákvarða heimtur útdrattarins þ.e. hversu hátt hlutfall próteasa skilaði sér úr upphafssýni í lokasýnið. (viðauki A5.2)

Í töflu 5.1 má sjá % heimtur fyrir útdrátt á þorskinnyflum og smokkfisksýni 2. Útdráttur við pH 6,0 gefur í báðum tilfellum lægri heimtur en útdráttur við pH 8,0.

Í töflu 5.2 má svo sjá fjölda eininga próteasa í hverju grammi af sýni þar sem niðurstöður hafa verið leiðréttar með tilliti til heimta í útdrætti. Þar má sjá að bæði sýnin gefa lægri gleypnigildi fyrir útdrátt við pH 6,0 en við pH 8,0. Greinilegt er að virkni í þorskinnyflum er töluvert meiri en í smokkfisksýni 2.

Útdrátturinn sem var notaður fyrir þorskinnyflin og smokkfisksýni 2 þótti taka of langan tíma miðað að lokasýnin voru ekki nógu tær til

Tafla 5.1. Heimtur fyrir útdrátt á smokkfisksýni 2 og þorskinnyflum.

Sýni	Heimtur	
	pH 6,0	pH 8,0
Smokkfisksýni 2	54%	76%
Þorskinnyfli	62%	87%

Heimtur voru reiknaðar út frá mælingum á almennri próteasavirkni gagnvart 2% azoalbumini í 30 mín.

Tafla 5.2. Fjöldi eininga próteasa í hverju grammi af sýni m.t.t. heimta útdrattarins.

Sýni	Fjöldi eininga / g sýni	
	pH 6,0	pH 8,0
Smokkfisksýni 2	2,9	3,6
Þorskinnyfli	7,9	39,5

Mælingar á almennri próteasavirkni voru gerðar gagnvart 2% azoalbumini í 30 mín. Dæmi um útreikninga má finna í viðauka. Ein ensímeining er skilgreind sem það magn ensíms sem breytir gleyfni hvarfefsins í lausninni um 1 gleyfnieiningu (1 AU) á 30 mín.

Tafla 5.3. Próteasavirkni í hverju grammi sýnis. Sýni voru dregin út við pH 6,0 og 8,0.

Sýni	Fjöldi eininga / g sýni	
	pH 6,0	pH 8,0
Smokkfisksýni 3	4,08	3,89
Kolmunni	0,07	0,27
Sandsíli	0,16	0,73
Haustloðna	0,16	0,75

Mælingar á almennri próteasavirkni voru gerðar gagnvart 2% azoalbumini í 30 mín og fjöldi eininga í grammi sýnis reiknað út frá þeim mælingum. (viðauki A5.3).

að hægt væri að framkvæma mælingar með sértækum hvarfefnum. Því var ákveðið að fækka skrefum í útdrætti fyrir smokkfisksýni 3, kolmunna, sandsíli og haustloðnu þ.a. sýnin voru aðeins spunnin einu sinni og saltfellingum sleppt. Útreikningar á próteasavirkni fyrir þessi sýni voru mun einfaldari því ekki þurfti að taka tillit til heimta aðferðarinnar. Því var fjöldi eininga próteasa í grammi einungis reiknaðar út frá mælingum gerðum á lokafloði og þar voru mælingar gerðar eins og áður gagnvart 2% azoalbumini í 30 mín. (viðauki A5.3).

Þegar tafla 5.3 er skoðuð kemur í ljós að af þeim sýnum sem voru dregin út með styttri útdrættinum gaf smokkfisksýni 3 hæstu virknina (virknin lág miðað við þorskinnyflin). Kolmunni, sandsíli og haustloðna hins vegar nánast enga virkni.

Sýni sem dregin voru út við pH 8,0 gáfu í öllum tilfellum nema fyrir smokkfisksýni 3 hærri niðurstöður en sýni sem voru dregin út við pH 6,0. Þessi munur gæti stafað af því að við pH 6,0 sé hluti ensímanna á óvirku formi (zymogen) og þ.a.l. ekki mælanleg með 2% azoalbumini við pH 6,0. Nielsen (1990) sýndi fram á að virkni chymotrypsins væri hverfandi eftir útdrátt úr silungainnyflum við pH 6,0 en með því að inkúbera sýnið í buffer við pH 7,8 jókst virknin jafnt og þétt. Hann ályktaði því sem svo að chymotrypsinið væri á óvirku formi við pH 6,0 en virkjaðist við inkuberingu í buffernum við pH 7,8.

Þegar niðurstöður mælinga fyrir almenna próteasavirkni eru skoðaðar er nokkuð ljóst að þorskinnyflin gefa áberandi hæstu virknina. Virkni þorskinnyfla er ágætlega þekkt og því kemur þessi mikla virkni ekki á óvart. Smokkfisksýnin gáfu lága virkni en þó aðeins hærri en virknimælingar fyrir kolmunna,

sandsíli og haustloðnu sem gáfu nánast enga virkni. Þessi lága virkni kolmunna, sandsílis og haustloðnu kom nokkuð á óvart þar sem heill fiskur (með meltingarfærum o.s.frv.) var notaður við undirbúning á sýnum. Enn er af nógu að taka við frekari mælingar og væri m.a. áhugavert að gera mælingar á sumarloðnu til samanburðar við haustloðnuna.

## 5.6. Heimildaskrá

- Bjarni Ásgeirsson, 2001 Verklegrar æfingar í lífefnafræði fyrir námskeiðið Lífefnafræði 3. Háskóli Íslands. Ísland. Bls 6-16.
- Magnús Már Kristjánsson 2001. Proteolytic Enzymes. Activity Measurements of Proteinases Using Synthetic Substrates. Í: Wrolstad, R.E. (ritstj.) *Current Protocols In Food Analytical Chemistry*. John Wiley & Sons, Inc. New York. Bls. C2.1.1–C2.1.7.
- Nielsen, H.H. 1990. *Isolering af proteolytiske enzymer fra regnbueorredindvolde*. Hovedopgave við Den Kongelige Veterinær og Landbohøjskole. Denmark.
- Sarath, G., Zeece, M.G., Penheiter, A.R. 2001. Protease assay methods. Í: Proteolytic enzymes: a practical approach. Í: Beynon, R., Bond, J.S. (ritstj.) Oxford University Press. New York, bls 45-76.

## Viðauki A5.1. Útdráttur á þorskinnyflum.

Janke & Kunkel, IKA-Labortechnik. Ultra Turrax T25	<b>Ca. 10g af þorskinnyflum mixuð</b>	Hraði 8000 (gulur) 1 mín og 30 sek
	↓	
	<b>Buffer bætt í 4:1 (buffer:sýni)</b>	100 mM Tris, 5 mM CaCl <sub>2</sub> , pH 8,0 0,1 M natrium-fosfat, pH 6,0
	↓	
Með segulhræru	<b>Hrært í 3 ½ klst</b>	½ hámarkshraði
	↓	
Snúður: SS-34	<b>Spunnið</b>	15000 rpm 20 mín 2 °C
Sýni 1A og 1B tekin	↓	
	<b>Flot tekið frá</b>	Rúmmál mælt
	↓	
	<b>15% felling m/ ammóníumsúlfati</b>	Blandað vel
	↓	
	<b>Látið standa yfir nótt</b>	
	↓	
SS-34	<b>Spunnið</b>	15000 rpm 20 mín + 20 mín 2 °C
Tekin sýni 2A og 2B	↓	
	<b>Flot tekið frá</b>	Rúmmál mælt
Bontfalli hent	↓	
	<b>80% felling m/ ammóníum súlfati</b>	Blandað vel
	↓	
SS-34	<b>Spunnið</b>	15000 rpm 20 mín 2 °C
	↓	
	<b>Floti hellt af og <u>botnfall</u> <u>geymt</u></b>	12000 rpm 30 mín 2 °C
	↓	
	<b>Botnfall leyst upp</b>	100 mM Tris, 5 mM CaCl <sub>2</sub> , pH 8,0 0,1 M natrium-fosfat, pH 6,0
Rúmmál mælt	↓	
Geymt v/ -18 °C	<b>Fryst í N<sub>2</sub> (l)</b>	

## Viðauki A5.2. Heimtur

Þorskinnyfli og smokkfisksýni voru dregin út við pH 6,0 og pH 8,0 samkvæmt aðferð sem lýst var í kafla 5.2.1. Í útdrættinum voru tekin sýni á þremur stöðum, eftir fyrsta spuna (fyrir 15% saltfellingu), eftir annan spuna (eftir 15% saltfellingu) og eftir þriðja spuna (eftir 80% saltfellingu). Botnfallið eftir þriðja spuna var leyst upp í viðeigandi buffer og skilgreint sem lokasýni (endurleyst botnfall). Til að ákvarða heimtur útdráttarins voru gerðar mælingar á almennri próteasavirkni gagnvart 2% azoalbumini í 30 mín á sýninu sem var tekið eftir fyrsta spuna (tafla B, sýni 1) og á lokasýni (tafla A). Út frá þessum niðurstöðum var hægt að meta heimtur aðferðarinnar.

Tafla A. Próteasavirkni í þorskinnyflum (lokasýnum) sem dregin voru út við pH 6,0. Mælingar á próteasavirkni voru gerðar gagnvart 2% azoalbumin í 30 mín.

sýni	pH 6,0
	0,1035
	0,1070
	0,1080
	0,1047
<b>Meðaltal</b>	<b>0,1058</b>
<b>Staðalfrávik</b>	0,0021

Tafla B. Mæling á próteasavirkni sýna sem voru tekin á þremur stöðum í útdrætti á þorskinnyflum við pH 6,0. Mælingar á próteasavirkni voru gerðar gagnvart 2% azoalbumin í 30 mín.

Sýni	1	2	3
	0,0500	0,0520	0,0093
	0,0517	0,0512	0,0089
	0,0491	0,0456	0,0088
<b>Meðaltal</b>	<b>0,0503</b>	<b>0,0496</b>	<b>0,0090</b>
<b>Staðalfrávik</b>	0,0013	0,0035	0,0003

- 1: sýni tekið eftir fyrsta spuna
- 2: sýni tekið eftir annan spuna (15% mettn ammóníumsúlfat)
- 3: sýni tekið úr floti eftir síðasta spuna. (80% mettn ammóníumsúlfats)

Rúmmál e. fyrsta spuna (fyrir 15% saltfellingu): 48 mL  
Rúmmál á endurleystu botnfalli : 14 mL

Útreikningar:

$$(0,1058 \text{ ein}/150\mu\text{L}) * 14\text{mL} * 1000\mu\text{L} / \text{mL} = 9,9 \text{ einingar}$$

$$(0,0503 \text{ ein}/150\mu\text{L}) * 48\text{mL} * 1000\mu\text{L} / \text{mL} = 16 \text{ einingar}$$

$$9,9 / 16 = \underline{62\%} \Rightarrow \text{Heimtur útdráttarins eru því } 62\%$$

### Almenn próteasavirkni m.t.t. heimta

$$0,1058 \text{ einingar} / 150\mu\text{L} = 7,05 \cdot 10^{-4} \text{ einingar} / \mu\text{L}$$

(í þynntu sýni)

$$7,05 \cdot 10^{-4} \text{ einingar} / \mu\text{L} * 5 = 3,53 \cdot 10^{-3} \text{ einingar} / \mu\text{L}$$

(í óþynntu sýni)

$$3,53 \cdot 10^{-3} \text{ einingar} / \mu\text{L} * 14 \text{ mL} * 1000 \mu\text{L} / \text{mL} = 49 \text{ einingar (í heildar mL fjölda)}$$

$$49 \text{ einingar} / 10,0792 \text{ g} = 4,9 \text{ einingar} / \text{g sýni}$$

$$4,9 / 0,62 = \underline{7,9} \text{ einingar} / \text{g sýni m.t.t. heimta}$$

### Viðauki A5.3. Niðurstöður fyrir útreikninga á próteasavirkni fyrir smokkfisksýni 3, kolmunna, sandsíli og haustloðnu.

#### Smokkfisksýni 3

Sýni	ein / uL	ein	ein / g sýni	Meðaltal
pH 6,0 (A1)	0,000963	29,86	4,01	4,08
pH 6,0 (A2)	0,000949	29,43	4,15	
pH 8,0 (B1)	0,0007	27,69	3,95	3,89
pH 8,0 (B2)	0,0008	27,07	3,84	

Dæmi um útreikninga fyrir smokkfisksýni 3 (A1):

Meðaltal gleypnimælinga μL sýni notaðir í hvarf	=	einingar / μL
--	---	---------------

(einingar / μL) · (heildarrúmmál flots e. spinningu í  
μL) = einingar

einingar g sýni í upphafi	=	einingar / g sýni
------------------------------	---	-------------------

Útreikningar:

0,1445	=	9,56 · 10 <sup>-4</sup> einingar / μL
150 μL		

9,56 · 10<sup>-4</sup> einingar/μL · 31000 μL = 29,86 einingar

29,86 ein	=	4,01 einingar / g sýni
7,444 g		

Sama gert við A2, meðaltal tekið af A1 og A2.

#### Kolmunni

Sýni	ein / uL	ein	ein / g sýni	Meðaltal
pH 6,0 (A1)	1,41667E-05	0,38	0,06	0,07
pH 6,0 (A2)	1,83333E-05	0,48	0,08	
pH 8,0 (B1)	0,0001	2,31	0,38	0,27
pH 8,0 (B2)	0,0000	1,04	0,17	

#### Sandsíli

Sýni	ein / uL	ein	ein / g sýni	Meðaltal
pH 6,0 (A1)	4,83333E-05	1,31	0,22	0,16
pH 6,0 (A2)	2,26667E-05	0,61	0,10	
pH 8,0 (B1)	0,0002	4,76	0,79	0,73
pH 8,0 (B2)	0,0002	4,00	0,67	

#### Haustloðna

Sýni	ein / uL	ein	ein / g sýni	Meðaltal
pH 6,0 (A1)	4,83333E-05	1,26	0,21	0,16
pH 6,0 (A2)	2,26667E-05	0,61	0,10	
PH8,0 (B1)	0,0002	4,51	0,75	0,75
pH 8,0 (B2)	0,0002	4,48	0,75	

## Viðauki A5.4. Um sýnin.

Hér má finna samantekt á helstu upplýsingum um sýnin. Vigtun í upphafi, lokarúmmál og meðaltal mælinga á almennri próteasavirkni gagnvart 2% azoalbumini í 30 mín. Lokarúmmál fyrir þorskinnyfli og smokkfisksýni 2 er skilgreint sem rúmmál á endurleystu botnfalli. Lokarúmmál fyrir smokkfisksýni 3, kolmunna, sandsíli og loðnu er skilgreint sem rúmmál á floti eftir fyrsta og eina spunann í útdrættinum.

### Loðna

Sýni	Þyngd	Loka-rúmmál	Meðaltal gleyfnimælinga
pH 6 (A1)	6,047 g	26,0 mL	0,0073
pH 6 (A2)	5,989 g	27,0 mL	0,0034
pH 8 (B1)	6,009 g	26,5 mL	0,0255
pH 8 (B2)	6,004 g	28,0 mL	0,0240

### Sandsíli

Sýni	Þyngd	Loka-rúmmál	Meðaltal gleyfnimælinga
pH 6 (A1)	5,985 g	27,0 mL	0,0073
pH 6 (A2)	5,973 g	27,0 mL	0,0034
pH 8 (B1)	6,055 g	28,0 mL	0,0255
pH 8 (B2)	6,002 g	25,0 mL	0,0240

### Kolmunni

Sýni	Þyngd	Loka-rúmmál	Meðaltal gleyfnimælinga
pH 6 (A1)	6,220 g	27,0 mL	0,0021
pH 6 (A2)	6,230 g	26,0 mL	0,0028
pH 8 (B1)	6,159 g	26,5 mL	0,0131
pH 8 (B2)	6,194 g	27,0 mL	0,0058

### Smokkfisksýni 3

Sýni	Þyngd	Loka-rúmmál	Meðaltal gleyfnimælinga
pH 6 (A1)	7,444 g	31,0 mL	0,1445
pH 6 (A2)	7,086 g	31,0 mL	0,1424
pH 8 (B1)	7,018 g	38,0 mL	0,1093
pH 8 (B2)	7,057 g	32,0 mL	0,1269

### Þorskinnyfli

Sýni	Þyngd	Loka-rúmmál	Meðaltal gleyfnimælinga
pH 6,0	10,0792 g	14,0 mL	0,1058
pH 8,0	10,0192 g	20,0 mL	0,5149

### Smokkfisksýni 2

Sýni	Þyngd	Loka-rúmmál	Meðaltal gleyfnimælinga
pH 6,0	4,978 g	14,0 mL	0,1184
pH 8,0	4,995 g	20,0 mL	0,0857



## Viðauki A5.5. Almenn próteasavirkni mæld gagnvart 2% azoalbumini í 30 mín.

Sýni voru dregin út við pH 6,0 og pH 8,0 samkvæmt aðferðum í kafla 2.1. Lokasýni voru mæld gagnvart 2% azoalbumini í 30 mín. Lokasýni fyrir þorskinnyfli og smokkfisksýni 2 eru skilgreind sem endurleyst botnfall en lokasýni fyrir smokkfisksýni 3, kolmunna, sandsíli og loðnu eru skilgreind sem flotið eftir fyrsta og eina spuna í útdrætti.

### Þorskinnyfli

sýni	pH 6,0	pH 8,0
	0,4764	0,6074
	0,5252	0,6244
	0,4879	0,6164
	0,5117	0,6256
<b>Meðaltal</b>	0,5003	0,6185
<b>Staðalfrávik</b>	0,0222	0,0084

### Smokkfisksýni 2

Sýni	pH 6,0	pH 8,0
	0,1208	0,0736
	0,1208	0,0852
	0,1108	0,0900
	0,1212	0,0941
<b>Meðaltal</b>	0,1184	0,0857
<b>Staðalfrávik</b>	0,0051	0,0089

### Smokkfisksýni 3

	pH 6,0 (A1)	pH 6,0 (A2)	pH 8,0 (B1)	pH 8,0 (B2)
	0,1375	0,1348	0,1017	0,1269
	0,1476	0,1437	0,1169	0,1269
	0,1490	0,1392	0,1126	0,1263
	0,1438	0,1519	0,1060	0,1274
<b>Meðaltal</b>	0,1445	0,1424	0,1093	0,1269
<b>Staðalfrávik</b>	0,0051	0,0073	0,0068	0,0004

### Kolmunni

	pH 6,0 (A1)	pH 6,0 (A2)	pH 8,0 (B1)	pH 8,0 (B2)
	0,0022	0,0024	0,0117	0,0029
	0,0027	0,0026	0,0495	0,0042
	0,0012	0,0022	0,0080	0,0045
	0,0024	0,0038	0,0196	0,0115
<b>Meðaltal</b>	0,0021	0,0028	0,0222	0,0058
<b>Staðalfrávik</b>	0,0007	0,0007	0,0188	0,0039

### Sandsíli

	pH 6,0 (A1)	pH 6,0 (A2)	pH 8,0 (B1)	pH 8,0 (B2)
	0,0216	0,0371	0,0543	0,0611
	0,0272	0,0373	0,0502	0,0658
	0,0257	0,0363	0,0535	0,0605
	0,0276	0,0368	0,0548	0,0638
<b>Meðaltal</b>	0,0255	0,0369	0,0532	0,0628
<b>Staðalfrávik</b>	0,0027	0,0004	0,0021	0,0025

### Loðna

	pH 6,0 (A1)	pH 6,0 (A2)	pH 8,0 (B1)	pH 8,0 (B2)
	0,0060	0,0047	0,0332	0,0273
	0,0067	0,0023	0,0232	0,0239
	0,0094	0,0037	0,0232	0,0219
	0,0069	0,0029	0,0224	0,0228
<b>Meðaltal</b>	0,0073	0,0034	0,0255	0,0240
<b>Staðalfrávik</b>	0,0015	0,0010	0,0051	0,0024



## 6. kafli

# Prófun á útstreymi og virkni beitu

Soffia Vala Tryggvadóttir

Rósa Jónsdóttir

Prándur Helgason

Sveinbjörn Jónsson

---

## 6.1 Inngangur

Í beiturannsóknum bæði erlendum og innlendum, hefur verið vandamál að halda beitunni saman svo hægt sé að krækja í hana og að hún endist nægilega lengi í sjónum. Reyndar hafa verið alls konar grisjuefni sem umbúðir fyrir beituhráefni og bindiefni til að beitan haldist saman án umbúða (Lökkeborg, 1987). Illa hefur gengið að því leyti að yfirleitt hefur beitan leystst of fljótt upp eða losnað af krókunum. Þegar notuð hafa verið bindiefni þá verður útstreymið oft of lítið því að bindiefni getur hindrað útstreymi og gefið frá sér fráhrindandi efni.

Í EU verkefninu „Þróun beitu til línuveiða“ var þróuð ný aðferð og tækjabúnaður smíðaður til að framleiða beitu (pokabeitu) úr frystu hráefni (Soffía Vala Tryggvadóttir o.fl. 2002). Markmið þessa hluta verkefnisins um aðdráttar-afl beitu var að meta útstreymi frírra aminosýra og lyktarefna frá pokabeitunni. Útbúið var einfalt módelkerfi til að meta útstreymi frá beitunni, hún sett í saltlausn (sjávarselta 3%) og styrkur af niðurbrotsefnum í vatnsfasa mældur eftir mislangan tíma til að meta útstreymið frá beitunni. Einnig voru gerðar frumathuganir á virkni beitunnar við hefðbundnar línuveiðar.

## 6.2 Efni og aðferðir

Mældur var uppleysanleiki og útstreymi efna frá hefðbundnu beituhráefni í pokum og bitum. Tvær tegundir af beitu voru útbúnar úr sandsíli (*Ammodytes tobianus*) og smokkfiski (*Illus argentinus*). Beiturnar voru í saltlausn (sjávarselta 3%) og styrkur af niðurbrotsefnum í vatnsfasa mældur eftir mislangan tíma til að meta útstreymið frá beitunni. Hitastig var valið samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnuninni um meðalhita sjávar umhverfis landið (Tafla 6.1). Þannig fengust upplýsingar um hvenær mesta útstreymið er frá beitunni og hversu lengi það varir. Einnig voru gerðar prófanir á virkni beitunnar við hefðbundnar línuveiðar.

### Undirbúningur sýna

Frosin beita (5x10g beita/sýni) var sett á öngul og dýft ofan í 500 ml af saltvatni (3% NaCl) í plastflöskum (sjá mynd 6.1). Flöskunum var komið fyrir í hristibaði við 6°C (shaking bath SB-16, Dip cooler RU-200 og

Tafla 6.1. Hitastig sjávar á mismunandi veiðisvæðum og árstíma umhverfis Ísland.

Staðsetning	Árstíð	Hitastigsbil (°C)
Norðurströnd Íslands	Vetur	1 - 4
Norðurströnd Íslands	Sumar	6 - 8
Suðurströnd Íslands	Vetur	2 - 6
Suðurströnd Íslands	Sumar	8 - 12

(Heimild: Hafrannsóknastofnunin)



Mynd 6.1. Vatnslausnir eftir 240 mín dorg (frá vinstri: sandsíli í poka, smokkfiskur í poka smokkfiskur í bitum. Í pastflöskunum eru samsvarandi lausnir af beitunum.

Tempette Junior TE-8j frá Techne, Duxford Cambridge, England) í fjórar klukkustundir. Með þessu móti var reynt að líkja eftir hreyfingu beitunnar í sjó.

### Mælingar á fríum aminosýrum

*Undirbúningur sýna:* Við mælingar á fríum aminosýrum voru 2-3 g sýnis vegin í skilvindu-glös og 20 ml af saltsýru (0.1 N) og 1 ml af innri staðli bætt út í (norvaline). Eftir að sýnið hafði verið gert einsleitt með Ultra-Turrax homogenizer í eina mínútu var það sett í skilvindu við 15000 rev/min í 20 mínútur. Einn ml af floti var þynntur með eimuðu vatni fyrir aminosýrugreiningu.

*Tæki:* HPLC Hewlett Packard (HP) 1050 series (gradient) pumping system, HP autosampler, Varian 9070 fluorescence detector, Croco-cil columnheater and HP Chemstation datahandling system. The column (150x4.6 mm) from Hichrom, Reading UK, is packed with 3µm Spherisorb ODS-2 material and suitable guard columns of same packing material used.

*Afleiður og aðskilnaður með HPLC:* Amínósýruafleiður eru útbúnar, með OPA (o-phthalaldehyde) sem derivatization reagent, í sjálfvirka sýnaskammtaranum. Hvert sýni er keyrt þrisvar sinnum og fyrir hvert sýni er staðalblanda keyrð. A.m.k. einn blankur er keyrður. Amínósýruafleiðurnar eru aðskildar með „reversed phase chromatography using binary gradient elution“ við 25°C.

Solvent A: acetate/methanol/THF(tetrahydrofuran) pH 7,0 and B: methanol.

*Flæðihraði:* 1ml/mín.

*Bylgjulengdir:* Excitation 338nm and emission 456nm

*Staðlar:* Norvalin (innri staðall) og amínósýrustaðlar

### Mælingar á rokgjörnum efnum með gasgreini-massagreini:

*Undirbúningur sýna:* Fimm beitungum var dýft ofan í 500 ml af 3% saltlausn og látnar bíða í 240 mín. Sýnunum var síðan hellt í glerkrukku og fryst í um 24 tíma eða fram að mælingu. Sýnið var látið þiðna undir rennandi köldu vatni og 200 ml af sýni sett í 250 ml suðufloesku ásamt einum ml af 10 ppm C<sub>7</sub> ethyl ester innri staðal. Köfnunarefni var blásið í gegnum sýnið í eina klst, flæðið stillt á 100 mL/mín og lyktarefnum safnað á gildru með ásosefni (TENAX).

*Frásogun (desorption) með hita (ATD) og GC/MS mælingar:*

Fyrir GC/MS greiningar eru TENAX-gildirur settar í ATD (automatic thermal desorption) tæki, lyktarefnin frásoguð með hita og þeim sprautað inn á gasgreini.

*Tæki:* ATD (Automated Thermal Desorber), Perkin Elmer ATD 400.


*Gasgreinir-massagreinir:* Hewlett Packard G1800C GCD Series II, GC Electron Ionization Detector. Súla: DB-5ms (30 m×0.25 mm×0.25 µm; J&W Scientific, Folsom, CA); Ferðafasi: Helium; Inntak (injector): 250°C; Nemi (detector): 280°C

*GC/MS hitaforrit:* upphafshitinn var 50°C og er honum haldið í 7 mínútur. Þá var hækkað í 120°C með hitastigli 5°C/mín og að lokum er hækkað í 220°C með hitastigli 10°C/mín. Þeim hita var haldið í 5 mínútur.


## 6.3 Niðurstöður og umræða

### 6.3.1 Mælingar á amínósýrum og lyktarefnum í útstreymi frá beitu


Magn frírra amínósýra í útstreymi frá röspuðum smokkfiski í pokum (pokabeita) mældist mun hærra en í hefðbundinni smokkfiskbeitu (Mynd 6.2) en um sama hráefni var að ræða. Þegar lyktarefnin voru skoðuð, þ.e. heildarflatarmál (total ion counts, TIC) með gasgreini-massagreini-mælingum (Mynd 6.3) mátti sjá sambærilegar niðurstöður, þ.e. mun meira magn af lyktarefnum var í útstreymi frá pokabeitu samanborið við hefðbundna beitu. Þessar niðurstöður eru eins og búast mátti við því við röspunina á beituhráefninu verður yfirborðsflatarmál meira og útstreymi af efnum úr pokabeitunni þar af leiðandi meira.




Mynd 6.2. Fríar amínósýrur í útstreymi frá smokkfiskbeitu í pokum (squid in bags) og frá hefðbundinni smokkfiskbeitu (traditional squid).



Mynd 6.3. GC-MS greining á rokgjörnum efnum (heildarflatarmál) í útstreymi frá smokkfiskbeitu í pokum (squid in bags) eða frá hefðbundinni smokkfiskbeitu (traditional squid).




Mynd 6.4. Magn aminosýra í útstreymi frá smokkfiskbeitu í pokum (squid in bags) eða frá hefðbundinni smokkfiskbeitu (traditional squid).



Mynd 6.5. Aminosýrusamsetning í útstreymi frá pokabeitu (smokkfiski og sandsíli) eftir fjóra tíma í saltvatni.

Þegar magn og samsetning af einstökum fríum aminosýrum í útstreymi frá pokabeitu úr smokkfiski og hefðbundinni beitu úr smokkfiski var skoðað (Mynd 6.4) reyndist hlutfall ellefu af sautján aminosýrum aftur á móti vera hærra í hefðbundinni beitu en í pokabeitu. Þetta stafar af mun meira magni af aminosýrunni taurine (2069  $\mu\text{g/g}$ ) í útstreymi frá pokabeitunni samanborið við hefðbundna beitu (1142  $\mu\text{g/g}$ ). Taurine, sem getur haft lífvirkni (bioactive properties), er aminosýra sem finnst aðallega í fríu formi eða í stuttum peptíðum (Birdsall, 2003). Taurine er mjög vatnsleysanleg sem getur skýrt þetta mikla útstreymi frá pokunum. Þannig getur aminosýrusamsetningin í útstreymi frá beitum hugsanlega verið mismunandi eftir beitutegund en skoða þarf betur hvort það hefur áhrif á aðráttarafl beitunnar.

Aminosýrusamsetning í útstreymi frá pokabeitu úr smokkfiski og sandsíli (Mynd 6.5) reyndist vera mjög svipað og í hráefninu (Mynd 6.6) en magn aminosýra var þó mun minna í



Mynd 6.6. Aminosýrusamsetning beituhráefnis (smokkfisks og sandsílis).

röspuðu hráefninu. Magn einstakra aminosýra var mun hærra í smokkfiski en í sandsíli, sérstaklega hvað varðar taurine sem finnst að mestu í fríu formi eins og áður var getið. Þetta getur hugsanlega útskýrt vinsældir smokkfisks sem beitu og vekur upp spurningu um það hvort taurine hafi mikið aðdráttarafl fyrir fisk. Munurinn á magni einstakra aminosýra reyndist ekki vera eins mikill í útstreymi eins og í hráefninu og í sumum tilvikum, t.d. fyrir glutamine (GLN), threonine (THR), methionine (MET) og lysine (LYS), þá var magnið hærra í útstreymi pokabeitu með sandsíli miðað við pokabeitu með smokkfiski. Því er erfitt að segja til um hvort það er röspunin á hráefninu eða efnið í pokunum sem hefur áhrif á hlutfall og magn aminosýra í útstreiminu.

Eins og áður var nefnt þá var magn fríra aminosýra hærra (nema fyrir arginine (ARG) og taurine (TAU)) í útstreymi frá beitu úr smokkfiskbitum samanborið við pokabeitu úr smokkfiski (Mynd 6.4) en hér gætir huganlega áhrifa aðferðarinnar og tímans í saltvatni. Áhugavert væri að skoða betur útstreymi frá beitu sem þó er háð ýmsum náttúrulegum aðstæðum eins og veðri, sjávarstraumum og dýpt.

### 6.3.2 Veiðitilraunir

#### I. Nýting loðnu í pokabeitu

Ein tilraun var gerð á grunnslóð í maí 2004 í dagsbirtu, til veiða á steinbít. Markmiðið var að skoða hvort pokabeita með loðnu veiði jafnvel og sama hráefni beitt á hefðbundinn hátt (tvíkrækt, heil loðna). Beinn samanburður var gerður þar sem notaðir voru tveir balar (500 beitur/bala). Niðurstaðan var neikvæð og mikill munur var á pokabeitu og hefðbundinni beitu. Einungis 20-30 fiskar veiddust á pokabeitu en á

annað hundrað fiskar á hefðbundna beitu. Skýringin gæti verið sú að sjónræn áhrif hafi neikvæð áhrif á pokabeitu, sem er í hvítum pokum. Þetta gildir a.m.k. fyrir steinbít. Niðurstöður margra tilrauna gefa til kynna að sjónræn áhrif hafi neikvæð áhrif á pokabeitu á grunnslóð (hvít áberandi beita) og birtuskilyrði skipta því miklu máli. Þessar tilraunir voru gerðar í maí en aðrar tilraunir hafa verið gerðar á haustmánuðum. Pokabeitan hefur gengið vel við tilraunir þar sem sjónin eða birta hafa ekki áhrif. Ljóst er að huga þarf að birtuskilyrðum (dýpt og árstið) og jafnframt þarf að skoða hvort annar litur á beitupoka en hvítur skipti máli en sá möguleiki er fyrir hendi að skipta út lit á beitupokunum.

## II. Tilraun með þorsklóg

Pokabeita var útbúin með þorsklógi. Gall og lifur var hreinsaði frá og ekki nýtt, en slógið var lítillega blandað hrognum og sviljum. Hráefnið var fryst og síðan raspað niður og prófaðir voru 5 balar. Til viðmiðunar var notuð hefðbundin beita (smokkfiskur). Niðurstaða var ekki nægilega góð en skýringin gæti verið sú sama að litur pokans hafi haft áhrif. Hins vegar sáust krossfiskar og kuðungar í miklu mæli á pokabeitunni. Smokkfiskur er góð beita á krabbaveiðum og því spurning hvort þessi innvolsbeita henti við krabbaveiðar (hræatur). Beitan með þorsklóginu hefur lítið fituinnihald og leggst því meira á botninn miðað við hefðbundna beitu sem flýtur upp (þess vegna gæti hún hentað fyrir krabbar). Ætlunin er að prófa betur nýtingu innnyfla í samsettar beitur.


## III. Sjóstangveiði (uppstigningardagur, í dagsbirtu á grunnslóð (15-20 faðmar)

Pokabeitur með sandsíli voru prófaðar á sjóstangveiðum. Beitan gafst mjög vel og virtist hafa mikið aðdráttarafl. Til samanburðar voru notaðir gúmmíkrókar sem eru oft notaðir í sportveiðum en ekkert veiddist þá. Útstreymið frá beitunni skiptir miklu máli og komið hefur í ljós að pokabeitan hefur mikið útstreymi til að laða að fiskinn. Við hönnun á beitunni er hægt að stjórna hversu hratt útstreymið berst frá beitunni með því að nota misþétt efni í pokana. Við sjóstangaveiðar er jákvætt að útstreymið sé mikið og þá er gagnlegt að yfirborðsflötur pokanna sé mikill þannig að hann nái að tæmast á stuttum tíma. Stærðin á pokunum skiptir máli, því stærri pokar því meira útstreymi.

Gagnvart línuveiðum geta pokarnir verið minni en stærri við sportveiðar þar sem útstreymis-hraðinn þarf að vera meiri. Hugsanlegt er að aðlaga sérstakar beitur fyrir sportveiðar sem gætu einnig virkað vel á skak (handfæri).

## IV. Veiðiferð á Ólafi HF þann 27. apríl 2005

Línan var lögð á 55 faðma dýpi 15 sjómílu fyrir utan Reykjanes en upplýsingar um beiturar eru að finna í Töflu 6.1. Í pokabeiturnar var notaður innfluttur makrill en smokkfiskur og síld í hefðbundna beitu. Makrillinn var mjög feitur (23,8%) og linur og bitarnir þungir í sér þegar nýta átti hann í hefðbundna beitu. Vildu bitarnir detta af krókunum við lagningu línunnar. Sjómennirnir vildu skila honum aftur til heildsala en með því að raspa makrillinn niður og nota í pokabeitur reyndist hann vel eins og sjá má á Mynd 6.7. Veiðiárangur pokabeitu á grunnslóð liggur ekki fyrir ennþá.



Mynd 6.7. Fjöldi fiska x meðalþyngd (kg) afla (af ýsu eða öðrum fiski) í veiðiferð á Ólafi HF, þann 27. apríl 2005. Skástrikaðar súlur tákna pokabeitur en nánari upplýsingar um beiturar eru að finna í Töflu 6.1.

Tafla 6.1. Upplýsingar um beitur í veiðiferð á Ólafi HF, þann 27. apríl 2005.

Bali nr.	Beita	
1	Síld og smokkur	Hefðbundin beita
2	Makrill	Pokabeita
5	Síld og smokkur	Hefðbundin beita
10	Makrill	Pokabeita
11	Síld og smokkur	Hefðbundin beita
12	Makrill	Pokabeita
13	Síld og smokkur	Hefðbundin beita
14	Makrill	Pokabeita
16	Makrill	Pokabeita
17	Síld og smokkur	Hefðbundin beita
18	Makrill	Pokabeita
19	Síld og smokkur	Hefðbundin beita
20	Makrill	Pokabeita
21	Makrill	Pokabeita
22	Makrill	Pokabeita
23	Makrill	Pokabeita
24	Makrill	Pokabeita
25	Makrill	Pokabeita
26	Makrill	Pokabeita

## 6.4 Heimildir

Lökkeborg, S. 1987. Fishing experiments with an alternative longline bait based on nylon bags. International Council for the Exploration of the Sea – Fish Capture Committee. Conference proceedings. P 26.

Birdsall, T.C. 2003. Therapeutic Applications of Taurine. <http://www.thorne.com/altmedrev/fulltext/taurine3-2.html>

Soffia Vala Tryggvadóttir, Gunnar Páll Jónsson, Rósa Jónsdóttir, Guðrún Ólafsdóttir 2002. Artificial bait alternatives, mainly based on fish waste. CRAFT Q5CR-200-70427. Project report to EU. Icelandic Fisheries Laboratories, 09-02.

---



## Viðaukar

Viðauki 1. TAFT Proceedings and poster

Viðauki 2. Greinar, viðtöl og veggspjald

---

annað hundrað fiskar á hefðbundna beitu. Skýringin gæti verið sú að sjónræn áhrif hafi neikvæð áhrif á pokabeitu, sem er í hvítum pokum. Þetta gildir a.m.k. fyrir steinbít. Niðurstöður margra tilrauna gefa til kynna að sjónræn áhrif hafi neikvæð áhrif á pokabeitu á grunnslóð (hvít áberandi beita) og birtuskilyrði skipta því miklu máli. Þessar tilraunir voru gerðar í maí en aðrar tilraunir hafa verið gerðar á haustmánuðum. Pokabeitan hefur gengið vel við tilraunir þar sem sjónin eða birta hafa ekki áhrif. Ljóst er að huga þarf að birtuskilyrðum (dýpt og árstið) og jafnframt þarf að skoða hvort annar litur á beitupoka en hvítur skipti máli en sá möguleiki er fyrir hendi að skipta út lit á beitupokunum.

## II. Tilraun með þorsklóg

Pokabeita var útbúin með þorsklógi. Gall og lifur var hreinsaði frá og ekki nýtt, en slógið var lítillega blandað hrognum og sviljum. Hráefnið var fryst og síðan raspað niður og prófaðir voru 5 balar. Til viðmiðunar var notuð hefðbundin beita (smokkfiskur). Niðurstaða var ekki nægilega góð en skýringin gæti verið sú sama að litur pokans hafi haft áhrif. Hins vegar sáust krossfiskar og kuðungar í miklu mæli á pokabeitunni. Smokkfiskur er góð beita á krabbaveiðum og því spurning hvort þessi innvolsbeita henti við krabbaveiðar (hræatur). Beitan með þorsklóginu hefur lítið fituinnihald og leggst því meira á botninn miðað við hefðbundna beitu sem flýtur upp (þess vegna gæti hún hentað fyrir krabbar). Ætlunin er að prófa betur nýtingu innnyfla í samsettar beitur.


## III. Sjóstangveiði (uppstigningardagur, í dagsbirtu á grunnslóð (15-20 faðmar)

Pokabeitur með sandsíli voru prófaðar á sjóstangveiðum. Beitan gafst mjög vel og virtist hafa mikið aðdráttarafl. Til samanburðar voru notaðir gúmmíkrókar sem eru oft notaðir í sportveiðum en ekkert veiddist þá. Útstreymið frá beitunni skiptir miklu máli og komið hefur í ljós að pokabeitan hefur mikið útstreymi til að laða að fiskinn. Við hönnun á beitunni er hægt að stjórna hversu hratt útstreymið berst frá beitunni með því að nota misþétt efni í pokana. Við sjóstangaveiðar er jákvætt að útstreymið sé mikið og þá er gagnlegt að yfirborðsflötur pokanna sé mikill þannig að hann nái að tæmast á stuttum tíma. Stærðin á pokunum skiptir máli, því stærri pokar því meira útstreymi.

Gagnvart línuveiðum geta pokarnir verið minni en stærri við sportveiðar þar sem útstreymis-hraðinn þarf að vera meiri. Hugsanlegt er að aðlaga sérstakar beitur fyrir sportveiðar sem gætu einnig virkað vel á skak (handfæri).

## IV. Veiðiferð á Ólafi HF þann 27. apríl 2005

Línan var lögð á 55 faðma dýpi 15 sjómíluur fyrir utan Reykjanes en upplýsingar um beiturar eru að finna í Töflu 6.1. Í pokabeiturnar var notaður innfluttur makrill en smokkfiskur og síld í hefðbundna beitu. Makrillinn var mjög feitur (23,8%) og linur og bitarnir þungir í sér þegar nýta átti hann í hefðbundna beitu. Vildu bitarnir detta af krókunum við lagningu línunnar. Sjómennirnir vildu skila honum aftur til heilsala en með því að raspa makrillinn niður og nota í pokabeitur reyndist hann vel eins og sjá má á Mynd 6.7. Veiðiarangur pokabeitu á grunnslóð liggur ekki fyrir ennþá.



Mynd 6.7. Fjöldi fiska x meðalþyngd (kg) afli (af ýsu eða öðrum fiski) í veiðiferð á Ólafi HF, þann 27. apríl 2005. Skástrikaðar súlur tákna pokabeitur en nánari upplýsingar um beiturar eru að finna í Töflu 6.1.

Tafla 6.1. Upplýsingar um beitur í veiðiferð á Ólafi HF, þann 27. apríl 2005.

Bali nr.	Beita	
1	Síld og smokkur	Hefðbundin beita
2	Makrill	Pokabeita
5	Síld og smokkur	Hefðbundin beita
10	Makrill	Pokabeita
11	Síld og smokkur	Hefðbundin beita
12	Makrill	Pokabeita
13	Síld og smokkur	Hefðbundin beita
14	Makrill	Pokabeita
16	Makrill	Pokabeita
17	Síld og smokkur	Hefðbundin beita
18	Makrill	Pokabeita
19	Síld og smokkur	Hefðbundin beita
20	Makrill	Pokabeita
21	Makrill	Pokabeita
22	Makrill	Pokabeita
23	Makrill	Pokabeita
24	Makrill	Pokabeita
25	Makrill	Pokabeita
26	Makrill	Pokabeita

## 6.4 Heimildir

Lökkeborg, S. 1987. Fishing experiments with an alternative longline bait based on nylon bags. International Council for the Exploration of the Sea – Fish Capture Committee. Conference proceedings. P 26.

Birdsall, T.C. 2003. Therapeutic Applications of Taurine. <http://www.thorne.com/altmedrev/fulltext/taurine3-2.html>

Soffia Vala Tryggvadóttir, Gunnar Páll Jónsson, Rósa Jónsdóttir, Guðrún Ólafsdóttir 2002. Artificial bait alternatives, mainly based on fish waste. CRAFT Q5CR-200-70427. Project report to EU. Icelandic Fisheries Laboratories, 09-02.

---

# **VIÐAUKI I**

## ***TAFT proceedings and poster***

First Joint Trans-Atlantic Fisheries Technology Conference (TAFT)

33rd WEFTA Meeting and 48th Atlantic Fisheries Technology

Conference, 11-14 June 2003, Reykjavik - Iceland 2003

First Joint Trans-Atlantic Fisheries Technology Conference (TAFT)  
33rd WEFTA Meeting and 48th Atlantic Fisheries Technology Conference,  
11-14 June 2003, Reykjavik - Iceland 2003

### **Volatile compounds in artificial bait based on fish by-products**

Rósa Jónsdóttir, Soffia V. Tryggvadóttir and Guðrún Ólafsdóttir

Icelandic Fisheries Laboratories, PO Box 1405, Skúlagata 4, 121 Reykjavík, Iceland.  
E-mail: rosa@rf.is, soffiaf.is, gudrun@rf.is

#### **Abstract**

Volatile compounds of several types of bait were characterized to study the release of attractants that contribute to fresh fish odour. The aim is to develop bait composed of raw material that will have similar or more release of attractants than traditional bait. The objective was to develop bait from raw material used for meal production and byproducts from fish processing, for the long-lining deep-sea fishing fleet, mainly cod, haddock and hake. Volatile compounds were measured by using gas chromatography (GC/Olfactometry and GC/Mass Spectrometry). Fatty acid, free amino acid and chemical composition of bait were also measured. Variation in the key aroma compounds identified in bait explained the difference between bait samples and similar differences could be explained by the fatty acid, free amino acid and chemical composition.

#### **Introduction**

The development of successful bait for marine commercial species is an aim for many researchers dealing with chemoreception. Regarding gadiformes (cod, hake etc.) it is believed that its feeding behaviour is primarily mediated by chemosensory mechanisms (Pawson 1977). Although different types of substances are known to provoke responses in fish, chemosensory research involving behavioural and electrophysiological work have given strong support that free amino acids (specially L-stereoisomers) and other low molecular weight components of tissues are dominant in the aquatic environment in this respect (Ellingsen and Doving 1986).

Gadiformes fish live on live prey and are therefore very sensitive towards freshness. Preparation of bait material, like thawing, grinding mixing etc. seems to destroy the chemoreception that attracts the fish to the bait. It is known that enzyme activity (lipoxygenase and protease) in fish is involved in producing degradation compounds (flavor compounds and amino acids) (Josephson and others 1987) that may attract the fish when used in bait. The role of volatile compounds as attractants in bait has not been studied before.

#### **Materials and Methods**

**Samples.** Volatile compounds of different types of traditional and artificial bait were analyzed using gas chromatography/olfactometry (GC/O) and gas

chromatography/mass spectrometry (GC/MS). Fatty acid, free amino acid and proximate analysis were done using traditional methods.


**Sampling and gas chromatography techniques.** Prior to GC/O and GC/MS analysis flavor samples were collected by a purge-and-trap sampling on Tenax traps (Olafsdottir and others 1985). Volatile compounds were separated on a fused silica capillary column, DB-5ms (J&W Scientific, Folsom, CA) using helium as a carrier gas. Details of the technique and identification of the volatiles are described elsewhere in the proceedings (Jónsdóttir and others 2003).

**Data handling.** Multivariate analysis was performed by the Unscrambler 7.5 software package (CAMO AS, Trondheim, Norway). The main variance in the data set was studied using Principal component analysis (PCA). Cross validation was used in the validation method

## Results and Discussion

Figure 1 shows a PCA biplot of the main volatile compounds identified in bait by GC/O. The figure shows that the combination of volatiles were similar in cybrine and cybrine waste, indicating that the cybrine waste could be used as a bait instead of cybrine. Cod viscera and blue whiting are most dissimilar from cybrine. The capelin samples and the sandeel are positioned near the middle on the first PC indicating their similarity. The squid sample had volatile composition unlike the other samples and had rather mild odour.

Boiled potato-like odour (7-potato) was identified as the most important odour in all the samples, except for squid where this odour was not detected. Other important odours were i.e. popcorn-like (8-popcorn), 1-octen-3-ol (10-mushroom) and viscera-like (15-viscera) odour. Volatiles that are characteristic for all the samples, i.e. mushroom, are in the middle of the PCA plot and do not contribute to the variation in the data.



**Figure 1.** PCA biplot of volatile components in traditional and artificial bait by GC/O. The numbers in odour descriptors give the compound no in table 1.

Table 1 shows the most characteristic volatile compounds identified in bait by GC/O and GC/MS. The boiled potato-like odour was identified as a combination of *cis*-4-heptenal and heptanal eluting close to each other from the column. Lipid derived components giving mushroom and cucumber odours were identified as 1-octen-3-ol and 2,6-nonadienal, respectively. Many compounds are still unidentified and need to be studied further. The results of fatty acid, free amino acid and proximate analysis were in agreement with the volatile composition and could explain the difference between the species.

**Table 1.** The most characteristic volatile compounds identified in bait by GC/MS and GC/O.

Compound no.	Possible compound	RI DB-5ms <sup>a</sup>	Odor	Identification <sup>b</sup>
7	<i>cis</i> -4-heptenal and heptanal	496	Potato, mushroom, geranium, shellfish, flesh	MS, 1, 2
8	2-acetyl-1-pyrroline	521	Pop corn	3
10	1-octen-3-ol	581	Mushroom, geranium, capelin	MS, 1, 2
12	ui	687	Oriental, spicy	2
13	2,6-nonadienal	760	Cucumber	MS, 1, 2
14	ui	776	Sellery, mild sweet	2
15	ui	797	Viscera, cybrine, heavy, vomit, waxy	2
16	ui	800	Sea-, shellfish-like, heavy	2
17	ui	826	Skunk	2

<sup>a</sup>Calculated ethyl ester retention index on DB-5ms capillary column

<sup>b</sup>Identification means: MS, mass spectra; 1, authentic standards; 2, odor identification; 3, odor identification and RI references  
ui: unidentified

## Conclusion

Variation in the key aroma compounds identified in bait explained the difference between bait samples and similar differences could be explained by the fatty acid, free amino acid and chemical composition.

## Acknowledgments

Icelandic Fisheries Laboratories, University of Iceland and Dimon ehf. wish to thank The Icelandic Centre for Research, RANNÍS and the European Commission for their support.

## References

- Acree T, Arn H. 1997. <http://www.nysaes.cornell.edu/fst/faculty/acree/flavornet/index.html>; Flavornet, Cornell University.
- Ellingsen OF, and Doving KB. 1986. Chemical fractionation of shrimp extracts including bottom food search behavior in cod (*Gadus morhua* L.). Chem. Ecol 12: 155-168.
- Josephson DB, Lindsay RC and Stuijber DC. 1987. Enzymic hydroperoxide initiated effects in fresh fish. J Food Sci 52: 596-600 .
- Jónsdóttir R, Ólafsdóttir G, Hauksson S and Einarsson JM. 2003. Volatile flavor compounds in seafood flavorants. First Joint Trans-Atlantic Fisheries Technology Conference (TAFT), 11-14 June 2003, Reykjavik, Iceland. Proceedings.
- Olafsdottir G, Steinke JA, Lindsay RC. 1985. Quantitative performance of a simple Tenax-GC adsorption method for use in the analysis of aroma volatiles. J Food Sci 50: 1431-1436.
- Pawson M.G.1977. Analysis of a natural chemical attractant for whiting (*Merlangius merlangus* L.) and cod (*Gadus morhua* L.) using a behavioural bioassay. Comp Biochem Physiol 56A: 129-135.

# Volatile Compounds in Artificial Bait based on Fish By-products

Rósa Jónsdóttir, Soffia Vala Tryggvadóttir and Guðrún Ólafsdóttir  
Icelandic Fisheries Laboratories, P.O. Box 1405, Skulagata 4, IS-121 Reykjavik, Iceland

Volatile compounds and chemical composition of several types of traditional and alternative baits for long-line fisheries were characterized to study the release of attractants that contribute to fresh fish odor from the bait. The result reported herein are from two ongoing projects; "**Artificial bait alternatives, mainly based on fish waste**" that focuses on utilization of fisheries by-products and raw material used for fish meal production in artificial bait and "**Attractants in bait - Fatal attraction**" where the release of attractants from the bait are studied.

## Objectives

### Overall objectives:

- to develop artificial bait for the long-lining deep-sea fishing fleet, mainly cod and hake (Figure 1).

### Objectives of this study:

- to study the release of attractants that contribute to fresh fish odor from the bait.
- to study the enzyme activity (lipoxygenase and protease) in raw material
- to study the role of the enzymes in producing degradation compounds (flavor compounds and amino acids) that attract the fish.
- The hypothesis is that by using raw material with lipoxygenase activity more concentration of fresh fish volatile compounds will be developed.

## Analysis of volatile compounds

**Samples** of raw material for traditional and alternative bait were characterized.

**Purge-and-trap** sampling to concentrate volatile compounds

**Gas chromatographic analysis** to separate compounds using a fused silica capillary column, DB-5ms (J&W Scientific, Folsom, CA).

**GC/Olfactometry** measurements to identify compounds based on their characteristic odor are performed on a HP 5890 instrument. The effluent was sniffed by two persons describing the odor. Intensity of each odor was determined using scale from 0 - 5: 0: not present; 5 = very strong.

GC/MS measurements to identify volatiles based on their mass spectra were performed on a HP G1800C GCD. Mass spectra gives information about the molecular structure of the compounds.

Fatty acid, amino acid and proximate analysis were done using traditional methods.



Figure 1. Fishing with long-lining

## Results

**Boiled potato-like** odor (see Figure 2, as 7-potato) was the most characteristic odor in all sample except for squid were this odor was not detected. This odor was identified as a combination of **cis-4-heptenal** and **heptanal** (Table 1). Other important odors were **popcorn-like** (Fig 2; 8-popcorn), which may be 2-acetyl-1-pyrroline and lipid derived compounds giving **mushroom** (Fig 2; 10-mushroom) and **cucumber-like** (Fig 2; 13-cucumber) odors identified as 1-octen-3-ol and 2,6-nonadienal, respectively. Many compounds, some of them key aroma compounds, are still unidentified and need to be studied further.

Table 1. Key aroma compounds identified in bait by GC/O and GC/MS

Compound no.	Possible compound	RI DB-5ms <sup>a</sup>	Odor	Identification <sup>b</sup>
7	cis-4-heptenal and heptanal	496	Potato, mushroom, geranium, shellfish, flesh	MS, 1, 2
8	2-acetyl-1-pyrroline	521	Pop corn	3
10	1-octen-3-ol	587	Mushroom, geranium, capelin	MS, 1, 2
12	ui	687	Oriental, spicy	2
13	2,6-nonadienal	760	Cucumber	MS, 1, 2
14	ui	776	Sellery, mild sweet	2
15	ui	797	Viscera, cybrine, heavy, vomit, waxy	2
16	ui	800	Sea-, shellfish-like, heavy	2
17	ui	826	Skunk	2

<sup>a</sup>Calculated ethyl ester retention index on DB-5ms capillary column

<sup>b</sup>Identification means: MS, mass spectra; 1, authentic standards; 2, odor identification; 3, odor identification and RI references  
ui: unidentified

## Conclusion

- Variation in the key aroma compounds explains the difference between bait samples

- Similar differences between bait samples can be explained by the variation in fatty acid and free amino acid content. The results of proximate analysis were also in agreement with the volatile composition




Figure 2. PCA biplot of volatile components in bait identified by GC/O. The numbers in odor descriptors indicates the number of compounds in Table 1.



These projects were partly financed by:  
**The Icelandic Centre for Research, RANNÍS:**  
Attractants in bait - Fatal attraction  
**The European Commission:**  
Artificial bait alternatives, mainly based on fish waste  
(Q5CR-2000-70427)  
In collaboration with **Dimon ehf.** and **University of Iceland**





## **VIÐAUKI II**

- 1. Soffía Vala Tryggvadóttir, Rósa Jónsdóttir, Guðrún Ólafsdóttir. Aðdráttarafl beitu. Ægir, 97. árgangur 9. tölubl. 2004. Bls. 34-37.**
- 2. Viðtal við Sveinbjörn Jónsson og Ólaf Gústafsson skipstjóra sem birtist í Fiskfréttum, 14. maí 2004.**
- 3. Viðtal við Sveinbjörn Jónsson um beituframleiðsluna á Ísafirði. Ægir, 97. árgangur 5. tölubl. 2004. Bls. 35-37.**
- 4. Veggspjald**

# Aðdráttarafl beitu



Soffía Vala Tryggvadóttir.



Rósa Jónsdóttir.



Guðrún Ólafsdóttir.

Greinarhöfundar eru sérfræðingar á rannsóknasviði Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Heildarmarkaður fyrir beitu á Íslandi er tæpur milljarður króna á ári. Stór hluti þeirrar beitu sem flutt er inn til landsins er smokkfiskur og sandsíli. Íslenski fiskveiðiflotinn notar u.þ.b. 450 milljón beitur og ef miðað er við að meðalbeita vegi um 20 g þá eru þetta um 10 þús. tonn af hráefni sem flutt eru inn til beitu-gerðar, fyrir utan mikinn afskurð sem nýtist ekki. Það er augljóst að ávinningurinn af því að nýta úrgang sem til fellur í fisk- og skelfiskvinnslu innanlands og eins ódýra uppsjávarfiska í beitu í stað þess að flytja inn dýra beitu er augljós. Þess má einnig geta að veiðar á smokkfiskinum *Illus* Argentinus, sem aðallega hefur verið veiddur við Falklandseyjar hafa gengið mjög illa að undanförmu og hefur nánast orðið aflabrestur á þessu ári. Þessi tegund af smokkfiski er ein af vinsælustu beitum til línuveiða á Íslandi og er því ljóst að þörf er á nýjum möguleikum fyrir beitu. Þá hefur smokkfiskur og makrill verið nýttur í auknum mæli til manneldis á undanförmum árum. Þessi samkeppni hefur leitt til hækkunar á verði beitu auk þess sem ljóst er að ekki er æskilegt að nota fisk í beitu sem nýtist til manneldis. Það er því nauðsynlegt að rannsaka möguleika þess að nýta annað hráefni fyrir beitu.

## Rannsóknarverkefni um beitu styrkt af ESB og Rannís

Verkefnið „Þróun á beitu til línuveiða“ er CRAFT-verkefni sem

styrkt var af Evrópusambandinu og er nýlokið. Í CRAFT-verkefnum er lögð áhersla á að rannsóknastofnanir og háskólar aðstoði meðalstór og lítil fyrirtæki við ákveðna rannsóknar- og þróunarvinnu. Fyrirtækin eiga síðan einkarétt á að nýta sér niðurstöður verkefnisins. Beituverkefnið var samstarfsverkefni Íslendinga, Spánverja og Portúgala en íslensku aðilarnir voru Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Veiðarfærasalan Dímón ehf. í Reykjavík. Meginmarkmið verkefnisins var að þróa beitu til línuveiða á þorski og ýsu, sem byggðist á að nýta bræðslufisk og afskurð og úrgang sem til fellur í fisk- og skelfiskvinnslu.

Skilyrði sem framleidd beita þarf að hafa er að:

- gefa betri eða sambærilegan árangur og hefðbundin beita
- vera samkeppnishæf í verði
- vera þægilegri og ódýrari í notkun
- vera alltaf fáanleg
- vera hönnuð með tilliti til vélvæðingar við beitningu
- vera náttúruvæn
- gefa möguleika á sérhæfðum línuveiðum m.t.t. tegunda og stærðar.

Samhliða Evrópuverkefninu setti Rf ásamt Háskóla Íslands á fót verkefnið „Aðdráttarafl beitu“, sem fékk 2ja ára styrk frá Rannsóknarsjóði Íslands (Rannís), til að efla enn frekar þróunarvinnuna. Rannís styrkurinn stuðlaði að grunnrannsóknum varðandi

efnasamsetningu niðurbrotsefna og frekari rannsóknum á ensím-virkni sem hvatarmyndun niðurbrotsefna í beituhráefni. Ekki hefur áður, svo vitað sé, verið skodað á þennan hátt eðli og orsakir útstreymis niðurbrotsefna frá beitu.

## Tækjabúnaður - ný beitutækni


Í verkefninu var þróuð ný aðferð og sérstakur tækjabúnaður smíðaður til að framleiða beitu úr frystu hráefni. Í framhaldi af þessari þróunarvinnu var stofnað fyrirtækið Aðlöðun ehf. og beituverksmiðja sett upp í gamla Norðurtangahúsinu á Ísafirði. Fyrirtækið er þegar búið að fá einkaleyfi fyrir þessari tækni. Framleiðslutækni byggir á því að raspa, móta og pakka frystu hráefni við frystiádstöðu þannig að hráefnið og framleiðslan þiðnar ekki fyrir en beitan er lögð í sjó.

Frosnar fiskblokkir af beituhráefni eru raspaðar, fisksagid er síðan mótað (stansað) í þetta bita (10-15 g) og pakkað í trefjaefnis-poka. Allur vinnsluferillinn fer fram í frystiskáp. Mótið sem beitan er steipt í myndar gat í miðjan beitukubbinn svo auðvelt er að krækja í hana. Skilyrðið er að hráefnið sé mjög ferskt þegar það er fryst. Í þróunarferlinum kom í ljós að við það að þíða upp hráefni til beitu-gerðar, hakka það, hræra og frysta aftur virtust ferskleika-einkenni hráefnisins eyðileggjast. Í fortíðraun sem gerð var á Rf var útbúin beita, annars vegar úr hráefni sem var látið þiðna og hins vegar úr frosnu hráefni sem notað var beint í beitungu. Niðurstöður úr tílraunaveiðum á þorski sýndu að tvífrysting og meðhöndlun á hráefninu virtist hafa slæm áhrif á virkni beitungar. Þetta kemur ekki á óvart þar sem þorskur lifir á lifandi æti og laðast því mest að útstreymi sem boðar ferskleika.

## Rannsóknir á beitu - útstreymi aðdráttarefna

Í bæði erlendum og innlendum beiturannsóknum hefur áherslan verið á þróun á tilbúnum beitum. Það hefur verið vandamál við línuveiðar að halda beitungu saman þannig að hægt sé að krækja í

Lengst til vinstri er raspað frosið hráefni. Í miðjunni er búið að móta töflu úr fiskraspinu og síðan er lokaútgáfa af pokabeitunni þegar búið er að pakka henni inn í trefjaefni.





Nýju pokabeitunni beitt fyrir tilraunaveiðar.

hana og að hún endist nægilega lengi í sjónum. Tilraunir hafa verið gerðar með alls konar grisjuefni sem umbúðir fyrir beituhráefni og eins hafa verið notuð ýmis bindiefni til að beitan haldist saman án umbúða. Þessar tilraunir gengu illa framan af, yfirleitt vildi beitan leysast of fljótt upp. Þegar bindiefni hafa verið notuð hefur útstreymið oft verið of lítið, því að bindiefni geta hindrað útstreymið og gefið auk þess frá sér fráhrindandi efni. Með tilkomu nýju pokabeitunnar sem þróuð var í verkefninu er þetta vandamál leyst. Notuð eru trefjafefni sem hafa ákveðið gegndræpi utan um beituna og tryggir þetta útstreymi beituhráfnisins í nægilegu magni í æskilegan tíma.

### Val á hráefni

Þorskur er ránfiskur sem veiðir sér til matar þannig að hann lifir á mjög ferskri fæðu. Reynslan sýnir að ekki þýðir að bjóða þorskinum upp á annað en mjög ferska beitu. Ýsan er aftur á móti hráæta og ladast að beitu þó hún sé ekki alveg fersk. Með vali á beituhráefni er því hugsanlega hægt að stýra að einhverju leyti hvaða tegund er veidd hverju sinni. Einnig er talið að stærð beitu geti að miklu leyti stjórnað

stærð fiska á línunni.

Beitan þarf að innihalda þau grunnefni sem laða fiskinn að. Fyrri rannsóknir hafa aðallega skoðað áhrif amínósýra í útstreyminu til að laða fisk að beitunni. Í „beitu“-verkefninu sem ESB styrkir er aðallega lagt út frá því að skoða samsetningu á fríum amínósýrum í beituhráefni eins og gert hefur verið í fyrri rannsóknum ásamt því að skoða heildarefnasamsetningu og fríar fitusýrur.


Gerðar hafa verið ítarlegar efnagreiningar á þeirri beitu, sem mest er notuð hér við land, svo sem smokkfiski, sandsfli og makríl. Eins hafa nákvæmar mælingar farið fram á ýmsu hráefni sem getur nýst í beitu eitt og sér eða í blöndu, svo sem lodna, kolmurri, bolfiskafskurður, kúffiskhrat, úrgangur eftir síldarflökun o.fl.

Frekari rannsóknir eru þörf á virkni annarra niðurbrotsefna í beitu. Ýmsar vísbendingar í verkefninu sýndu að ferskleiki beittunnar skiptir miklu máli til að laða fiskinn að beitunni. Rannsóknir á ferskleikalykt í fiski hafa sýnt að það er fyrst og fremst niðurbrot á fjölómettuðum fitusýrum vegna lipoxygenasa virkni, sem gefur ferska fiskilykt. Tilgátan í Rannís-verkefninu er sú að hægt sé að auka virkni samsettrar

beitu með því að nota hráefni sem inniheldur lipoxygenasa virkni, þannig að hún framleiði niðurbrotsefni sem gefa ferska fiskilykt. Jafnframt er tilgátan sú að hægt sé að auka virkni beittunnar með því að nýta proteasa virkni til að auka útstreymi amínósýra. Ekki hefur verið rannsakað áður hlutverk niðurbrotsefna frá fjölómettuðum fitusýrum (lipoxygenasa virkni) í því að laða fiskinn að agninu, né heldur er vitað til þess að proteasa virkni hafi verið sérstaklega skoduð í beitu. Í verkefninu var sérstaklega rannsökuð samsetning lyktarefna sem mynduð eru úr fjölómettuðum fitusýrum og gefa ferska fiskilykt frá beitu. Jafnframt var skoduð almenn proteasavirkni í beituhráefninu. Eins og búast mátti við var mikil virkni í innnyflum vegna meltingarensíma, en lítil í virkni í vöðva.

Ætlunin er að nota niðurstöður efnagreininga frá hefðbundinni beitu sem líkan fyrir samsetningu á tilbúnu beittunni. Í hefðbundinni beitu og mögulegu beituhráefni hefur verið mælt hlutfall hinna ýmsu næringarefna, svo sem fitu, próteins, vatns, salts og ösku. Auk þess hafa verið gerðar mælingar á fríum amínósýrum, fitusýrum og greining og mæling á rokgjöllum niðurbrotsefnum.

Líklegt er að útstreymi sem laðar fisk að beitunni sé samspil niðurbrotsefna með lítinn mólíkúlþunga, en kenningin er að fiskar laðist að ákveðnum amínósýrum, peptíðum eða lyktarefnum í leit að æti. Komið hefur í ljós að samsetning á rok-gjörnum efnunum í mismunandi hráefni skýrir breytileika á beituhráefni á svipaðan hátt og breytileikinn er skýrður vegna mismunandi fitusýrusamsetningar, amínósýrusamsetningar og efnainnihalds (fita, protein og vatn). Smokkfiskur, sem er ein vinsælasta beitan, hefur mjög hátt hlutfall af óbundnum amínósýrum. Sú tilgáta kom fram að hægt væri að bæta próteasa í beituhráefni til að auka framleiðslu óbundinna amínósýra og að hugsanlegt væri að nota fiskinnyfli til að auka myndun óbundinna amínósýra. Tiltölulega lítið er enn vitað um sértæka próteasavirkni í hráefninu sjálfu, sem þó gegnir sennilega lykhillutverki í myndun þessara niðurbrotsefna. Niðurstöðurnar nýtast til að velja hráefni í samsetta beitu þar sem reynt verður að líkja eftir samsetningu á hefðbundinni beitu eins og smokkfiski eða sandsíli, en nota ódýrara hráefni eins og afskurð, innyfli og loðnu. Ef tekst að framleiða beitu sem er sérhæfð í tegunda- og stærðarvali afla



Á línuveiðum.

myndi það minnka óæskilegan meðafla. Með því að nýta loðnu í beituframleiðslu í stað bræðslu gæti verðmætaaukningin orðið margföld. Loðna er helsta fæða þorsks á Íslandsmiðum og ætti því að vera vinsæl beita við línuveiðar hér við land. En roð loðnunnar er reyndar það þunnt að það gefur lítið hald fyrir línukróka. Það hefur þó verið stundað við beitningu á loðnu að tvíkrækja í hana en sú aðferð er tímafrek og er því lítið notuð. Ekki hefur verið hægt með góðum árangri að nota loðnu í vélbeitningu en þar sem stærð poka-

beitunnar er stöðluð ætti að verða auðvelt að vélvæða beitningu með henni. Með pokabeitunni gefst því gott tækifæri til að nýta loðnu í beitu og ekki ætti það að draga úr áhuganum að hér er um að ræða ódýrt innlent hráefni.

### Nýja pokabeitan

Nýja pokabeitan sem Aðlöðun hefur fengið einkaleyfi fyrir framleiðslu á hefur ótvíræða kosti fyrir utan að vera ódýrari en hefðbundin beita. Beitningin sjálf er mun fljótlegri og mikið snyrtilegri. Hráefni sparast þar sem hægt er að hafa beituna efnisminni en

Hér er verið að taka út raspað beituhráefni.






hefðbundna beitu og eins nýttist allt hráefnið til fulls. Beitan er auk þess alltaf tilbúin á krókinn og beitupokarnir frjóska ekki saman. Þá virðast sjófuglar lítið sækja í beitupokana, en ásókn þeirra hefur lengi valdið vandræðum við línuveidar.

Nýja pokabeitan er þökkud í trefjaefni sem henta vel til að stjórna útstreymi beituhráfnisins í nægilegu magni í æskilegan tíma. Efnid í trefjapokunum hefur einnig þá eiginleika að þegar það blotnar þá mýkist það og áferðin líkist helst roði á fiski. Pokabeitan hefur verið prófuð við raunverulegar aðstæður og lofar góðu. Þess má geta að trefjaefnið sem notað er í pokana er, samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda, umhverfisvænt og eyðist í náttúrunni á nokkrum árum.

#### Lokaorð

Langtímamarkmiðið er að þróa beitu sem hægt verður að stjórna útstreyminu frá. Hugsanlegt væri að stjórna samsetningu beittunnar þannig að aðdráttarefni, sem eru til staðar í beittunni, leystust upp



Línunni með beittunni á komið fyrir í balanum.

þegar línan er lögð í sjó í ákveðinn tíma og í ákveðnu magni. Efnin sem kæmu frá beittunni væru breytileg þannig að hægt væri að stjórna hvaða fisktegund væri veidd. Seinni tíma markmið er beita sem þyrfti ekki kælingu


né frystingu, svokölluð "þurrbeita". Þá yrðu til staðar forverar lyktarefna, bundin hlutlausum massa, ásamt ensímum þar sem virkni myndi liggja í dvala þar til beitan blotnar.

## Aukin aflabrogð með Scanmar

Scanmar tryggir að trollið vinni rétt

### ScanBas - fullkomin stjórn á veiðunum

- 15" hágæða litaskjár með fullkominni skerpu
- 25 sinnum meiri gagnageta en eldri kerfi
- Sýnir upplýsingar frá allt að 16 nemum samtímis
- Auðskiljanleg myndræn framsetning
- Auðvelt að skipta á milli mynda með fjarstýringu
- Allt sem skiptir máli kemur fram á einni mynd



**SCANMAR**

Scanmar á Íslandi • Grandagarði 1a • 101 Reykjavík • Sími 551 3300 • Fax: 551 3345  
Netfang: scanmar@scanmar.is • Veffang: www.scanmar.no

# Framleiðsla á gervi-beitu hefst fljótlega

## — unnið er að lokafjármögnun

„Verksmiðjan er til staðar og við höfum þróað beitu sem sannað hefur ágætti sif. Næsta skrefið er að ljúka við fjármögnun og auka framleiðslugetu verksmiðjunnar til að fá hagstæðari rekstrarreiningu. Að því er unnið þessa dagana og ég vænti þess að framleiðsla á beitu fyrir almennan markað hefst fljótlega.“

Þetta voru orð Sveinbjörns Jónssonar, hugvitsmanns og framkvæðis, í samtali við Fiskiféttir en eins og fram hefur komið hefur Svein-

björn unnið að þróun á tilbúnni beitu undanfarnar ár. Fyrirtæki sem hann og fleiri aðilar standa að, Að-löðun hf., hefur fengið einkaleyfi

fyrir framleiðslu á beitu með nýrri tegni og komið upp verksmiðju til framleiðslunnar í Frystuhúsi Norðurtaraga á Íslandi. Aðaleigandi Að-löðunar er Veðfartravelslunum Dimon sem annast jafnfarni sölu á beittunni.

### Beita fyrir ýsu tilbúin

Takmi sem notuð er við framleiðsluna gerir þeim kleift að vinna blokkarfryst hráefni af ýmsu tagi og blanda þeim saman án þess að þjóa þau upp. Blandan er síðan sett í poka eða grísu sem miðjar efninu út í sjónum og dregur fiskinn til sín. Nú þegar er búið að þróa beitu sem myndi auka vax-hærni í limveidunum, hæði með til-liti til fiskteygunda og stærðar-fiska.



Sveinbjörn Jónsson við beitingu með pokabeitu.

### Þurfa að selja 30 millj. beina

Heildarmarkaður fyrir beitu á Íslandi er tæpur milljarður króna. Sveinbjörn sagði að þeir þyrftu að geta selt um 30 milljónir beina og ná um 12% markaðshlutfélagið með al krókafarmarksbáta til að verk-smiðjan yrði arðber. Framleiðslu-geða verksmiðjunnar er nú um 10 þúsund beittir á klukkustund og við hana stafa þrjú menn. Með þessum atkæstum er til dæmis hægt að framleiða beitu fyrir einn trilluróð-ur á hverri klukkustund. Svein-björn sagði að til að verksmiðjan yrðu arðber þyrfti að tvöfalda af-köstin eða þar um bil, annað hvort með því að hafa tvöfaldir vaktir eða bæta við annaru framleiðslu-línu. Fram kom hjá Sveinbjörni að

### Þarf nýja innmötun á beitingargvélar

Grísupbeitan er enn sem komið er aðeins notuð á dægróðrabættum sem eru með handþetta línu. Til að hún gagnast velarþáttum þarf nýja innmötun fyrir beitingargvélar. Sveinbjörn sagði að gera mariti ráð fyrir því þegar fjölbreynti í fram-leiðslu á beittum ykist og kostir þessar kærni beittir í ljós myndu framleiðendur beitingargvélar þróa véltannar þannig að þær gætu tekið tilbúna beittuna.

# Pokabeitan veiðir jafnvel af ýsu og venjuleg beita


## — á réttu dýpi segir Ólafur Gústafsson, skipsjóri á Hrönn ís

„Ég hef farið með pokabeitu í nokkra róða og min niðurstaða er sú að hún skilar jafnmikilli veiði af ýsu og heitbundin beita gerir á dýpra vati.“ sagði Ólafur Gústafsson, skipsjóri á Hrönn Ís, í samtali við Fiskiféttir en hann er að prófa pokabeituna frá Sveinbjörni Jónsson þessa dagana. Þegar rent var við Ólaf nú í vikunni var hann að koma úr róðri með rúm þrjú tonn á 24 bala. Þar af voru fjórir balar með pokabeitu. „Ég lagði bala með pokabeitu á 43 fæðna dýpi um 10 mílur út af Svåg-

andarfíri. Ég lagði til skipstist bala með pokabeitu og bala með venju-legr beitu. Afliinn var að mestu ýsa. Ég fékk ágætisskot á summa balana og lítið sem ekkert inn á milli. Það var þó enginn munur á veiðitími milli beittvegunda. Þar sem einhver veiði var fékkst svipað á pokabeitu og venjulega beitu.“ sagði Ólafur.


Fram kom hjá Ólafi af fyrir nokkru fékk hann um 400 kíló á einn bala með pokabeitu. Þá fékk hann svipað magn á tvo bala með venjulegri beitu af námost breinni

ýsu, eða um 300-400 kíló á hvorn bala. „Við fátum einnig þorsk og steinbit á pokabeituna en í sínu maili. Ég heiti aðallega með síli en einnig smokk í bland. Blandan er svipuð í pokabeitunni og þegar beitt er venjulega þannig að samanhurð-urinn á að vera markþekkur. Ég hef prófað pokabeituna í fríum róðrum og mér finnst þetta mjög spennandi verkefni. Hún veitir vel á ýsarlöð. Nú þarf að þróa þetta enn frekar og prófa fleiri hráefni í beittuna. Eink-um er þórf á að fá sérhæfða beitu fyrir þorskveiðar.“ sagði Ólafur.



Grísjur eða þokar með beitu í. Grísjurnar eru ekki ósviþarar tepok-um en þær eru þó aðeins stærri.

# BYGGINGAVINKLAR



— það sem fagnasturinn

Portland: **Kaupir Leif Halldórsson ÁR** ásamt öllum vafðihaimildum

Sveinbjörn Jónsson, forsvarsmaður beituverksmiðju á Ísafirði:

# Tel að við höfum nú þegar unnið ákveðið afrek

- en aukið fjármagn vantar til að ljúka fjármögnun og styrkja reksturinn

„Tæknilega hefur þetta gengið prýðilega. Við erum komnir með verk-smiðju á Ísafirði sem getur framleitt beitu í umtalsverðu magni. Það hefur verið lagt í mikla vinnu við rannsóknir og sumt af þeirri vinnu á sér ekki hliðstæðu í veröldinni, og nýtist vonandi við val á hráefni í framtíðinni. Fjárhagslega er þetta dæmi hins vegar nokkuð snúið, það er ljóst að töluverða fjármuni skortir inn í reksturinn,“ segir Sveinbjörn Jónsson, sem er í forsvari fyrir beituverksmiðju Aðlöðunar hf. í Norður-tangahúsinu á Ísafirði.

Aðlögun ehf., félag í eigu Sveinbjörns og Elínar Bergsdóttur, eiginkonu hans, festi kaup á Norðurtangahúsinu undir lok árs 2002 af Þróunarsjóði sjávarútvegsins og síðan hefur verið unnið að því að setja þar upp fullkomna beituframleiðslulínu, sem á undanföllum vikum hefur verið keyrð og gefið góða raun. Sveinbjörn segir að það sem af er lofi verksmiðjan góðu, tæknilega sé hún vel búin, þótt vissulega megi alltaf gera þar bragarbót. „En ég skal alveg viðurkenna að fjárhagslegt svigrúm okkar er takmörkunum háð, enda vil ég segja að við höfum ekki fengið verðugan stuðning við þetta verkefni. Þó vil ég taka það skýrt fram að sumir aðilar hafa stutt okkur í þessu verkefni, en hins vegar er hér um að ræða svo stórt viðfangsefni og án fyrirmyndar að betur má ef duga skal,“ segir Sveinbjörn.

## Átta ára verkefni

Forsaga þessa máls er sú að veiðarfæraverslunin Dímon í Reykjavík hóf að vinna að þessu verkefni árið 1996. Evrópusambandið kom síðan með fjárhagslegan stuðning inn í verkefnið og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins tengdist því líka. Um áramótin 2000 var Sveinbjörn Jónsson ráðinn verkefnisstjóri að verkefninu, en hann hafði lengi verið sjómáður vestur á Suðureyri við Súgandafjörð. „Við fórum í tilraunir árið 2001 sem sýndi okkur fram

að á beituframleiðsla væri vel möguleg. Í framhaldinu settum við upp litla tilraunaverksmiðju í kjallaranum hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og nú er svo komið að búið er að setja upp alvöru verksmiðju vestur á Ísafirði. Þessi verksmiðja er fullnægjandi sem framleiðslutæki til þess að framleiða beitu í nægilegu magni til að það geti borið sig. Haustið 2002 framleiddum við á þremur mánuðum um 30 þúsund beitur, en það magn getum við nú framleitt á þremur klukkustundum. Afkastagetan er því umtalsverð,“

segir Sveinbjörn og bætir við að þessi mikla afkastageta geri það að verkum að auðvelt sé og tilrölulega fljótlegt að gera prufur með nýjar tegundir af beitungum í umtalsverðu magni. „Til þessa höfum við fyrst og fremst einbeitt okkur að hefðbundnum beitungum og því sem þeim líkist, en möguleikar okkar í hráefnisnotkun eru þó nánast endalausir.“

Beiturnar eru staðlaðar í stærð og lögun. „Núna erum við að framleiða staðlaðar beitur fyrir króka númer 7 og 11,“ segir Sveinbjörn.

Sveinbjörn Jónsson fyrir framan Norðurtangahúsið á Ísafirði.

Myndir: Halldór Sveinbjörnsson.



## Einkaleyfi í innanlandsmarkaði í höfn

Engar fyrirmyndir eru erlendis frá í beituframleiðslunni. „Nei, það er ekki. Hér innanlands fengum við hjá Aðlöðun hf. einkaleyfi á þessari framleiðslu um miðjan apríl. Erendis höfum við ekki spurnir af samskonar framleiðsluferli hvorki í beitu-, fôður- né matvælaíðnaði. Reyndar höfum við sótt um einkaleyfi erlendis til allra þessara þátta og það einkaleyfisferli er nú í gangi.“


Sveinbjörn orðar það svo að hvernig sem þetta verkefni fari, þá sé það hans mat að unnið hafi verið ákveðið afrek varðandi tækniþróun o.fl. „Þetta er tvímælalaust merkilegt verkefni og ef okkur tekst að fjármagna það vel, þá tel ég að það geti orðið enn merkilegra. Ef við fáum inn í þetta þá fjármuni sem við teljum nauðsynlega á þessu stigi, þá er það mín bjargfasta skoðun að við verðum fljótlega farnir að blanda okkur í beitu- fôður- og matvælaframleiðslu á heimsmælikvarða.“

## Stór beituverkaður fyrir vestan

Sveinbjörn segir að auk innanlandsmarkaðarins séu þeir hjá Aðlöðun hf. vissulega að horfa til útflutnings á beitu en þó aðallega á tækni og þekkingu. „Það var hreint ekki tilviljun að við settum verksmiðjuna niður á Ísafirði. Línuútgerðin stendur sterkum fótum í mörgum sjávarplássum á Vestfjörðum og ég reikna með því að á þessu svæði sé smábátaflotinn að nota um 100 milljón beitur á ári. Það leit því vel út að staðsetja verksmiðjuna í nágrenni við þennan markað. Í annan stað var Norðurtangahúsið til reiðu með góðum frystigeymslum, sem eru nauðsynlegar fyrir slíka starfsemi - bæði fyrir hráefni og framleiðsluvörur.“

Sem stendur eru þrír menn starfandi í verksmiðjunni á Ísafirði, hvað sem síðan kann að verða því húsnæðið býður upp á margföldun tækjabúnaðar.


En telur Sveinbjörn að forsenda áframhaldandi þróunar þessa verkefnis sé að nýtt fjármagn komi inn í reksturinn? „Það skal ég ekkert segja til um. Hins vegar er það mín skoðun að þessi framleiðsluáferð muni innan tíðar ryðja sér til rúms í beituframleiðslu, fôðurgerð og jafnvel í



Sveinbjörn Jónsson: „Núna erum við að framleiða staðlaðar beitur fyrir króka númer 7 og 11.“

matvælaframleiðslunni á veraldarvísu. Frá upphafi þessa verkefnis hafa verið settar í það nokkur hundruð milljónir króna, aðallega af framkvæmdaaðilum verkefnisins, og nú liggur fyrir að þetta er

raunhæft dæmi. Við sjáum fyrir endann á verkefninu tæknilega og þekkingarlega tel ég að það gefi mikla möguleika, vegna þess einfaldlega að það gefur kost á svo mörgu í framhaldinu.“



## Ábót, sigurnaglalína og allar gerðir af beitu



Ísfell ehf • Fiskilóð 14 • P.O.Box 303 • 121 Reykjavík • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is



# Þróun beitu til línuveiða

## (Artificial Bait Alternatives, mainly based on fish waste (Q5CR 2000-70427))

Verkefnið er Craft verkefni og er styrkt af Evrópusambandinu. Í Craft verkefnum er lögð áhersla á að rannsóknastofnanir og háskólar hjálpi meðalstórum og litlum fyrirtækjum við ákveðna þróunarvinnu. Fyrirtækin eiga síðan einkarétt á að nýta sér niðurstöður verkefnisins. Verkefnið hófst í mars 2001 og lýkur í mars 2003.

Markmið verkefnisins er að þróa beitu fyrir línuveiðar á bolfiski sem byggist á ódýrum uppsjávarfisktegundum og afskurði frá fiskvinnslunni.

### Þátttakendur

#### Ísland

- Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Reykjavík.
- Veifarærasalan Dímon ehf, Reykjavík.

#### Spánn

- Fundacion AZTI, Sukarrieta (rannsóknastofnun).
- Universidad de A Coruna, La Coruna (háskóli).
- Innaves s.a., Vigo (þróar og framleiðir beitningavélar).
- Fripalsa, Riveira (útgerðarfyrirtæki).

#### Portúgal

- Laranjinha Ida., Sines (útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki).



Við tilraunaveiðar, þar sem borin er saman veiðigeta tilraunabeitunnar og hefðbundinnar beitu.

### Staðan í dag



Eftir mikla þróunarvinnu sem er ekki lokið þykir innpakkaða beitan hér að ofan lofa bestum árangri.

Lengst til vinstri er raspað frosið fiskhræfni t.d. smokkfiskur, sandsili, afskurður og þess háttar. Í miðjunni er búið að gera töflu úr fiskraspinu og gata það í miðjunni (fyrir krókinn) og síðan er sýnd lokaútgáfan af beitunni þegar búið er að pakka henni inn í trefjaefni.

### Viðhorf beitningamanna til nýju beitunnar

- Mjög snyrtilegt að beita. Allur óþrífnaður sem fylgir beitningu hefðbundinnar beitu er liðin tíð.
- Mun fljótlega að beita nýju beitunni.
- Alltaf tilbúin á krókinn: Þarf ekki að þíða upp né skera í réttar beitustærðir eins og gildir um hefðbundna beitu.



Verið að beita með nýju beituna fyrir tilraunaveiðarnar á Suðureyri við Súgandafjörð.



### Þjóðarbúið

- Aukið verðmæti sjávarafurða. Ódýrt og vannýtt hráefni getur nýst í beitu.
- Vinsældir smokkfisks og makrils til mannelis hafa aukist verulega á undanföllum árum. Þessi samkeppni leiðir til hækkunar á vöruverði og jafnframt er ljóst að ekki er æskilegt að nota fisk í beitu sem nýtist til mannelis.
- Gerir línuveiðar hagkvæmari og stuðlar að frekari sókn í línuveiðar.
- Línuveiðar er mjög umhverfisvæn veiðiaðferð og færir fiskvinnslunni ferskan fisk, sem hefur orðið fyrir lágmarks hjaski við veiðar.
- Lifríkið í hafinu er lítil hættu búin þar sem línuveiðar eru stundaðar.

### Viðhorf sjómanna til nýju beitunnar

- Getur veitt svipað og hefðbundin beita.
- Sparar hráefni, þar sem hægt er að hafa beituna efnisminni en hefðbundna beitu (auðvelt að krækja í lítill stykki).
- Þarf síður að bleyta upp balann eftir geymslu í frosti þar sem beitan frýs ekki saman.
- Sjófuglar sækja ekki í beituna. Þegar lína með pokabeitunni er lögð þá gefur beitan, sem er enn frosin og innpökkuð frá sér svo litla lykt að fulginn laðast ekki að henni. Mikil vandræði eru oft hvað fuglar flækja sig í línunum.



European Commission  
Thematic Programme 1 -



Quality of Life and Management of Living Resources (QoL)  
Key Action 1 – Sustainable Agriculture, Fisheries and Forestry

Tengiliður: Soffía Vala Tryggvadóttir  
Sími 562-0240; e-mail: soffia@rf.is  
<http://www.rf.is/frettir/frett79.htm>

